

# STARFSÁÆTLUN FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS 2018

MÁLAFLOKKAR 04, 05 og 06



**Ábyrgðarmaður:** Hlynur Sigursveinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs  
Dalvíkurbyggðar

**Ritstjóri:** Dórópea Reimarsdóttir, starfsmaður á fræðslu- og menningarsviði  
Dalvíkurbyggðar

## Efnisyfirlit

Skrifstofa fræðslu- og menningarmála.....	4
1. Leiðarljós .....	4
2. Hlutverk .....	4
3. Helstu verkefni og innra starf .....	5
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) .....	6
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	8
7. 3ja ára áætlun.....	10
Dalvíkurskóli.....	11
1. Leiðarljós .....	11
2. Hlutverk .....	11
3. Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018 .....	11
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) .....	13
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	15
6. Lykiltölur .....	16
7. 3ja ára áætlun.....	17
Frístund .....	18
1. Leiðarljós .....	18
2. Hlutverk .....	18
3. Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018 .....	18
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) .....	18
5. Meginverkefni yfirstandandi árs (2018) .....	19
6. Lykiltölur .....	19
7. 3ja ára áætlun.....	19
Árskógarskóli.....	20
1. Leiðarljós .....	20
2. Hlutverk .....	20
3. Helstu verkefni og innra starf .....	21
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) .....	22
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	23
6. Lykiltölur .....	24
7. 3ja ára áætlun.....	25
Krílakot .....	25
1. Leiðarljós .....	26
2. Hlutverk .....	26
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) .....	27
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	28
6. Lykiltölur .....	30
7. 3ja ára áætlun.....	31
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga.....	32
1. Leiðarljós .....	32
2. Hlutverk .....	32
3. Helstu verkefni og innra starf .....	32
4. Helstu verkefni liðins skólaárs (2016-2017). .....	33



DALVÍKURBYGGÐ

5. Meginverkefni á komandi skólaári (2017-2018).....	35
6. Lykiltölur .....	36
7. 3ja ára áætlun.....	36
Bókasafn Dalvíkurbyggðar .....	37
1. Leiðarljós .....	37
2. Hlutverk .....	37
3. Helstu verkefni og innra starf .....	38
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017).....	39
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	44
6. Lykiltölur .....	47
7. 3ja ára áætlun.....	47
Héraðsskjalasafn Svarfdæla .....	48
1. Leiðarljós .....	48
2. Hlutverk .....	48
3. Helstu verkefni og innra starf .....	48
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017).....	49
5. Meginverkefni næsta árs (2018).....	51
6. Lykiltölur .....	53
7. 3ja ára áætlun.....	53
Listaverkasafn Dalvíkurbyggðar.....	54
3. Helstu verkefni 2017 .....	54
4. Helstu verkefni 2018 .....	54
7. 3ja ára áætlun.....	54
Byggðasafnið Hvoll .....	55
1. Leiðarljós .....	55
2. Hlutverk .....	55
3. Helstu verkefni og innra starf .....	55
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017).....	55
5. Meginverkefni næsta árs (2018) .....	56
6. Lykiltölur .....	57
7. 3ja ára áætlun.....	57
Víkurröst/Barna- og unglingastarf - félagsmiðstöð .....	58
1. Leiðarljós .....	58
2. Hlutverk .....	58
3. Helstu verkefni og innra starf .....	59
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs og áfram 2018 .....	59
5. Meginverkefni næsta árs (2018).....	60
6. Lykiltölur .....	60
Íþróttamiðstöðin á Dalvík .....	61
1. Leiðarljós og hlutverk.....	61
3. Helstu verkefni og innra starf .....	61
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) og áfram 2018:.....	62
5. Meginverkefni næsta árs (2018).....	62
6. Lykiltölur .....	63
7. 3ja ára áætlun.....	63



DALVÍKURBYGGÐ

Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar .....	64
1. Leiðarljós/Hlutverk.....	64
2. Helstu verkefni og innra starf .....	64
3.-4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) og áfram 2018.....	64
5. Meginverkefni næsta árs (2018).....	65
6. Lykiltölur .....	66
7. 3ja ára áætlun.....	66
Tjaldsvæðið á Dalvík .....	67
1. Leiðarljós og hlutverk.....	67
2. Helstu verkefni og innra starf .....	67
Árskógur-félagsheimili .....	67
1.- 2 Leiðarljós og hlutverk.....	67
3.- 4. Yfirlit yfir 2017 .....	67
5. Helstu verkefni 2018 .....	67
7. 3ja ára áætlun.....	67
Gildi fræðslu- og menningarsviðs.....	68

## Skrifstofa fræðslu- og menningarmála

### 1. Leiðarljós

Að Dalvíkurbyggð sé öflugt lærdómssamfélag án fordóma. Að skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að allir séu virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Að þeir einstaklingar sem fara frá skólunum séu tilbúnir til að takast á við eigin framtíð.

Grunnur að góðu samfélagi er blómlegt menningarlíf og grasrótastarf sem byggir á þeim mannauði sem íbúar sveitarfélagsins mynda og varðveita. Áhersla er lögð á lýðheilsu og metnaður lagður í uppbyggjandi frístundir og faglegt starf.

### 2. Hlutverk

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar hefur aðsetur í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar og starfar samkvæmt lögum um leik-, grunn- og tónlistarskóla og samkvæmt sameiginlegri skólustefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins.

Hlutverk skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er margþætt en skrifstofan fer með málefni fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmála. Fagráðin sem starfa með skrifstofunni eru fræðsluráð, menningarráð, íþrótt- og æskulýðsráð, skólanefnd Tónlistarskólans á Tröllaskaga og byggðaráð þegar við á. Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs. Sviðsstjóri situr í framkvæmdastjórn, stjórnarsýslunefnd og tölvunefnd sveitarfélagsins. Aðrir starfsmenn skrifstofunnar eru kennsluráðgjafi og íþrótt- og æskulýðsfulltrúi.

Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs, menningarráðs, skólanefndar tónlistarskólans og íþrótt- og æskulýðsráðs í framkvæmd. Skrifstofan hefur frumkvæði að stefnumótun þegar við á og tekur þátt í stefnumótunarvinnu með stofnunum sviðsins. Hún stuðlar að því með þeim úrræðum sem hún hefur, að hver stofnun verði framúrskarandi á sínu sviði. Skrifstofan veitir stjórnendum, starfsmönnum og þegar við á íþróttafélögum stuðning við margvísleg verkefni, s.s. starfsmannamál, fjármál og styrkumsóknir. Hún veitir nemendum og foreldrum/forráðamönnum ráðgjöf þegar eftir því er leitað. Skrifstofan hefur einnig eftirlitshlutverki að gegna og sinnir eftirliti og ytra mati með stofnunum og skólum. Hlutverk hennar er m.a. að stuðla að því að börn í sveitarfélaginu fái góða þjónustu, hvort sem snýr að kennslu eða frístundum, og að allir íbúar og gestir hafi fjölbreytt tækifæri til frístundaiðkunar. Skrifstofan stuðlar

af því að blómlegt menningarlíf sé í boði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og að grasrótastarfsemi dafni. Skrifstofan gerir fjölda samninga árlega bæði við verktaka, samstarfsaðila og styrkþega. Skrifstofan skal fylgja eftir að fjármunum sviðsins sé varið á skilvirkan hátt og nýting þeirra stuðli að framþróun og háu þjónustustigi. Starfsfólk skrifstofunnar er í miklum samskiptum við fjölda aðila og leggur sig fram um að veita góða þjónustu í starfi sínu.

Ytri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs eru:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi skóla Dalvíkurbyggðar, um íþrótt- og æskulýðsstarf og þjónustu safna.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs eru:

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins.
- Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins, Íþróttamiðstöð, Félagsmiðstöðin Týr, Byggðasafnið Hvoll, Bóka- og héraðsskjalasafn og Tónlistarskólinn á Tröllaskaga
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar sem sinna fræðslumálum, íþrótt- og tómstundastarfi og menningarmálum.


### **3. Helstu verkefni og innra starf**

Helstu verkefni starfsmanna á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er að sinna leik- og grunnskólum Dalvíkurbyggðar, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmálum og stjórnáslu- verkefnum sem varða þessa málaflokka. Þeir hafa yfirumsjón með sérfræðiráðgjöf og sérfræðiaðstoð við undirstofnanir og hafa eftirlit með að allt faglegt starf sé í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu sveitarfélagsins. Árlega er lagt formlegt mat á skólustarf og tillögur gerðar að umbótum.

Skrifstofan afgreiðir erindi í umboði nefnda, eftir því sem viðkomandi nefnd ákveður. Hún hefur auk þess frumkvæði að nýsköpun og þróun í uppeldis- og fræðslumálum og tekur þátt í ýmsum þverfaglegum verkefnum sveitarfélagsins, t.d. forvarnarstarfi. Sviðsstjóri og kennsluráðgjafi eru skólustjórum og kennurum til aðstoðar og ráðgjafar í málum sem snúa að starfsmönnum, nemendum og foreldrum og einnig hvað varðar kennslu, eineltismál, lög og reglugerðir.

Starfsfólk skrifstofunnar hefur umsjón með áætlanagerð fyrir leikskóla, grunnskóla, Tónlistarskólann á Tröllaskaga, Byggðasafnið Hvol, Bóka- og héraðsskjalasafn og íþrótt- og æskulýðsmál. Það aðstoðar við þróunarstarf, að skipuleggja fræðslufundi, kennaranámskeið o.fl. og sér um rekstur, eftirlit og mat á starfsemi vinnuskóla og sumarúrræða.

Fræðslu- og menningarsvið er eitt af fimm fagsviðum sveitarfélagsins, sjá skipurit.



#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Þátttaka í árlegum starfsdegi fyrir starfsmenn Dalvíkurbyggðar.
- Gengið var frá sölu á Húsabakka til Stórvals ehf.
- Undirritaður var leigusamningur til 10 ára við Stórval ehf. vegna Rima – félagsheimilis.
- Undirritaður var samningur við Landamerki ehf. um rekstur tjaldstæðis Dalvíkurbyggðar til næstu 10 ára.

#### Fræðslumál:

- Skipulagning á tveggja daga námskeiði í ágút 2016 fyrir grunnskólakennara og eins dags námskeiði fyrir leikskólakennara þar sem endurgjaldslaus þjónusta læsiráðgjafa Menntamálastofnunar var nýtt.

- Vegvísir – 1, mat á starfi og starfsaðstæðum grunnskólakennara í sveitarfélaginu, unnið af sviðsstjóra og fulltrúum grunnskólakennara fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Hafin gerð læsisstefnu fyrir Dalvíkurbyggð með skólunum og bókasafni.
- Fræðslufundur um læsi í Bergi fyrir alla íbúa Dalvíkurbyggðar í september 2017.
- Samstarf við Tónlistarskólann um tónmenntakennslu á yngsta stigi í grunnskólum og spilastund á leikskólastigi.
- Gengið frá samningi við Blágrýti ehf um hádegisverð fyrir börn í Árkógarskóla og Dalvíkurskóla 2017 – 2020.
- Gengið frá samningi við Ævar og Bóas ehf. um akstur grunnskólabarna til og frá skóla 2017 – 2020.
- Gengið frá samningi við talmeinafræðing til 30. júní 2017. Samningur endurnýjaður til tveggja ára haustið 2017.
- Nemendur grunnskólanna fengu í fyrsta sinn endurgjaldslaus ritföng haustið 2017.
- Samstarfsáætlun Dalvíkurskóla og Krílakots uppfærð með fulltrúum starfsfólks skólanna.
- Þátttaka í samræðufundi grunn- og framhaldsskólastigs í MA. Kennsluráðgjafi tók í framhaldinu sæti í vinnuhóp um skil grunn- og framhaldsskóla á svæðinu.
- Flutningur á starfsemi Tónlistarskólans á Tröllaskaga og Símeypjar í Víkurröst.
- Frístund flutt úr Víkurröst í húsnæði Dalvíkurskóla.
- Sviðsstjóri sótti árlegan vörfund Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á fræðsluskrifstofum.
- Kennsluráðgjafi sótti öll námskeiðin sem haldin voru fyrir leik- og grunnskólakennara hér í Dalvíkurbyggð og nokkrar af menntabúðum Eymenntar. Fór á ráðstefnu norræna sérkennara í Reykjavík með kynningu á stærðfræðiskimun þeirri sem hér er gerð í 1. bekk. Fór í skólaheimsóknir til Stavanger ásamt tveimur kennurum Dalvíkurskóla til að kynna sér vinnubrögð í stærðfræðikennslu. Sótti í ágúst ráðstefnu *Samtaka um skólaþróun* um lykilhæfni og fylgdist með efni af ýmsum ráðstefnum sem streymt var á veraldarvefnum.
- Rafræn könnun lögð fyrir starfsfólk sviðsins, að stjórnendum undanskildum, þar sem spurt var um líðan, stjórnun, upplýsingaflæði, starfsanda og fleira. Liður í ytra mati á skólunum.
- Kennsluráðgjafi sat kennslustundir hjá flestum grunnskólakennurum í Dalvíkurbyggð og veitti þeim og stjórnendum alhliða ráðgjöf.



- Kennsluráðgjafi sat áfram í vinnuhópi um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla sem fundaði hálfsmánaðarlega á skólaárinu.
- Kennsluráðgjafi lagði LOGOS próf fyrir nemendur í 10. bekk og skimaði talna- og aðgerðaskilning 1. bekkinga.
- Unnið var að bættu innra mati skólanna sem og ytra mati fræðsluviðs.
- Stuðningur veittur við uppfærslu á skólanámskrá/starfsáætlunum skólanna.
- Undirbúin ráðning sálfræðings í hlutastarf í samvinnu við Fjallabyggð og HSN.

#### **Íprótta- og æskulýðsmál:**

- Gagngerar endurbætur voru gerðar á Sundlaug Dalvíkur.
- Samhliða flutningi á Tónlistarskóla og Símei voru gerðar breytingar og endurbætur á Víkurröst-félagsmiðstöð.

#### **Menningarmál:**

- Undirritaður var leigusamningur við Leikfélag Dalvíkur um afnot á Ungó
- Nýr forstöðumaður Bóka- og héraðsskjalasafns Dalvíkurbyggðar, Björk Hólm Þorsteinsdóttir tók til starfa um áramót.
- Umsýsla og umsjón með starfsemi Upplýsingamiðstöðvar var færð undir starfsemi bóka- og héraðsskjalasafns.
- Áfram unnið að undirbúningi fyrir ritun sögu sjávarútvegs í Dalvíkurbyggð.

#### **Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:**

- Félagsmálasvið – samvinna og sérfræðiaðstoð vegna barna í leik- og grunnskólum.
- Fjármála- og stjórnsýsluvið – fjárhags- og gagnavinnsla vegna reksturs fræðslu- og menningarsviðs.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum og heilsugæslu.
- Fjölmening; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.
- Umferðaröryggisáætlun– unnið að málum með umhverfis- og tæknisviði.

#### **5. Meginverkefni næsta árs (2018)**

- Unnið verður að nánara samstarfi félagsmálasviðs, heilsugæslu og lögreglu er varðar málefni sviðsins.
- Skoðað verður hvort og þá með hvaða hætti koma má Sundskála Svarfdæla í rekstur þannig að hann nýtist bæði íbúum og gestum sveitarfélagsins.
- Unnið verður með fjármálaráðuneytinu að því að skoða með framtíðarnýtingu Gamla skóla.
- Ráðning sálfræðings í hlutastarf.

- Ritun sögu sjávarútvegs í Dalvíkurbyggð.

#### **Verkefni sem byrjað var á 2017 sem halda áfram inn á árið 2018:**

- Sviðsstjóri fundar á tveggja mánaða fresti með stjórnendum allra stofnana sem heyra undir sviðið.
- Áframhaldandi uppfærsla og lagfæringar á heimasíðum undirstofnana fræðslu- og menningarsviðs.
- Lokafrágangur á endurbótum við Sundlaug Dalvíkur.
- Lokafrágangur á endurbótum og breytingum í Víkurröst.
- Aðstaða Frístundar í Dalvíkurskóla gerð aðlandi fyrir nemendur.
- Gerð læsisstefnu fyrir Dalvíkurbyggð.
- Efla innra mat skólanna í Dalvíkurbyggð.
- Yfirfara að námskrár og starfsáætlanir skólanna standist ákvæði Aðalnámskrár leik- og grunnskóla.
- Stuðningur við þróunarstarf um bættu kennsluhætti í stærðfræði á yngsta og miðstigi grunnskólanna sem og við starfsfólk leikskólanna.
- Þátttaka í vinnuhópi um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla.

#### **Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2018**

##### **Fræðslumál:**

- Ráðið var í nýtt starf sérkennslustjóra í Krílakoti.
- Eftirfylgni með að markmiðasetning námsgreina sé nýtt við gerð kennsluáætlana í Dalvíkurskóla og þær séu birtar nemendum og foreldrum.
- Stuðningur við *Logos* lestrargreiningar og skimun á talna- og aðgerðaskilningi í 1. bekk.
- Stuðningur vegna styrkumsókna skólanna.
- Ytra mat á skólum sveitarfélagsins og stuðningur við að efla innra mat þeirra.
- Þátttaka í verkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Þjóðarsáttmáli um læsi*, m.a. gerð læsisstefnu fyrir Dalvíkurbyggð.
- Sameiginlegur rekstur Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar á Tónlistarskólanum við Tröllaskaga.
- Ráðgjöf til starfsmanna skóla Dalvíkurbyggðar og rýning á niðurstöðum staðlaðra prófa í samstarfi við starfsmenn skólanna.

##### **Greinargerð um breytingar og nýmæli**

- Dalvíkurbyggð sér framvegis um að innheimta greiðslur fyrir skólamat.
- Gjaldskrá fyrir skólamat nú aðgengileg á heimasíðum Árskógar- og Dalvíkurskóla.

##### **Húsnæðismál:**

- Engar framkvæmdir fyrirhugaðar aðrar en eðlilegt viðhald á tækjum og húsbúnaði á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs.

#### **Starfsmannamál:**

- Áfram er unnið að því að skapa svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun.
- Heilsufarsmælingar verða í boði árið 2018.

### **7. 3ja ára áætlun**

#### **Forsendur**

Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum í rekstri og fjárfestingum fyrir skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs árin 2019 – 2021 umfram eðlilega endurnýjunaráætlun á húsbúnaði, tölvu- og tækjamálum. Um undirstofananir vísast til þeirra eigin áætlana sem birtast aftar í þessari skýrslu.

# Dalvíkurskóli

## 1. Leiðarljós

**Þekking og færni – virðing og vellíðan** eru einkunnarorð skólans og er lagt upp með þau í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum.

## 2. Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og Skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við sýbreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt að hver nemandi fái tækifæri til að nýta hæfni sína og áhugasvið svo hann megi sem best þroskast og dafna og ná góðum árangri í námi.

## 3. Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla [skólalþjónustu], mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.

Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahlaldið og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri grunnskóla stjórnar í umboði sveitastjórnar. Skólastjóri gerir tillögur til sveitastjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið að þörfum þeirra og almennri vellíðan.

- Áfram unnið markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur, sem stofnaður var á vordögum 2015, heldur áfram störfum. Fundir eru hálfsmánaðarlega og fundargerðir skráðar. Hópurinn ákveður sameiginlega forgangsverkefni og kemur upplýsingum þar að lútandi til teyma skólans sem vinna að því að koma þeim í framkvæmd í skólastarfinu. Starfshópurinn starfar áfram skólaárið 2017 – 2018.

- Markmiðasetning námsgreina verður nýtt markvisst við gerð kennsluáætla. Samræmt eyðublað notað fyrir kennsluáætlanir.
- Haldið áfram að vinna að snemmtækri íhlutun í lestri og stærðfræði, sem hefur skilað góðum árangri.
- Unnið með fjölmennningarlegar kennsluáðferðir sem höfða til mismunandi hæfni nemenda.
- Markvisst verður unnið með lestrar – PALS í yngri bekkjum skólans.
- Skimunarpróf í læsi frá MMS, *Lesferill*, verður notað í öllum árgögnum og niðurstöður þeirra nýttar í þágu nemenda.
- Samvinna við eldri borgara varðandi lestur mun halda áfram sem og skipulagðir lestrarsprettir í öllum árgögnum.
- Unnið áfram að endurskoðun á læsisstefnu Dalvíkurskóla í samvinnu við fræðsluvið, samhliða gerð læsisstefnu fyrir sveitarfélagið.
- Nemendarverndarráð er starfandi við skólann og heldur fundi mánaðarlega. Það hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.
- Stoðteymi er starfandi við Dalvíkurskóla. Í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjórar. Hlutverk þess er að leita stuðningsúrræða fyrir nemendur sem af einhverjum ástæðum rekast ekki sem skyldi í skólanum og meta hvenær vísa þarf þeim málum alla leið til nemendaverndarráðs. Stoðteymið kallar til umsjónarkennara og aðra kennara þegar þörf er á.
- Stjórnendur eru með fasta fundartíma tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 08.15 – 10.00 og á föstudögum kl. 12.45 – 14:00. Á föstudagsfundum verður markvisst farið yfir fundargerðir teyma.
- Skólastjórnendur leitast við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að auka sýnileika sinn í kennslustundum nemenda.
- Haldið verður áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð fulltrúum nemenda á unglingastigi og fulltrúum kennara veita ráðgjöf og aðhald um ýmislegt varðandi nám og kennslu. Nefndin fundar mánaðarlega.
- Haldið verður áfram að þróa teymisvinnu kennara sem hefur gengið mjög vel.
- Kennsluráðgjafi fer inn í kennslustundir í samráði við kennara eins og s.l. vetur með það að markmiði að bæta kennsluhætti.



- Kennsluráðgjafi fundar með teyllum kennara í Dalvíkurskóla minnst einu sinn á skólaári og oftari ef þörf krefur.
- Áfram verður unnið að þróun notkunar á upplýsingatækni í skólastarfinu. Samstarf verður áfram við skóla á Eyjafjarðarsvæðinu sem bjóða upp á 6 menntabúðir á skólaárinu. Endurmenntunarsjóður grunnskóla styrkir verkefnið.
- Unnið verður að umhverfismálum í *Grænfánaverkefninu-Skóli á grænni grein*. Stefnt er að því að flagga *Grænfánum* í fjórða sinn í maí 2018.
- Unnið er eftir *Uppbyggingarstefnunni*. Verkefnastjóri, Valdís Guðbrandsdóttir, kynsir hana fyrir nýju starfsfólki á hverju hausti og veitir starfsfólki stuðning við að nýta hana í starfi.
- Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem verða starfandi skólaárið 2017– 2018:
  - Samskipta – og hegðunarteymi (Eineltisteymi)
  - Umhverfisnefnd
  - Stýrihópur um læsi
  - Uppsetningar- og hönnunarteymi
  - Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
  - Stýrihópur um bættan námsárangur.

#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Unnið var markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur fundaði hálfsmánaðarlega. Skráðar voru fundargerðir og þær birtar fræðsluráði. Eitt að verkefnum námsárangurshóps var að fá kennsluráðgjafa til að fara inn í kennslustofur hjá kennurum til að skoða kennsluhætti og koma með ráðleggingar er varða nám og kennslu. Kennsluráðgjafi skilaði samantekt til stjórnenda og kennara. Önnur verkefni stýrihóps voru m. a. að rýna kennsluáætlanir og markmiðssetningu námsgreina. Einnig að rýna í niðurstöður staðlaðra prófa.
- Notkun lestrarmiða í öllum bekkjum skólans var tekin upp og markvissir lestrarsprettir voru settir inn á skólaárið.
- Unnið var áfram að því að þróa notkun upplýsingatækni í skólastarfinu og nýta kennarar hana töluvert í námi og kennslu. Fulltrúar skólans voru duglegir að sækja námskeið og menntabúðir tengdar upplýsingatækni.
- Á síðasta skólaári fengu þrjú skólar á Eyjafjarðarsvæðinu, þar á meðal Dalvíkurskóli, styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að efla upplýsingatækni. Fræðslan var í formi 6 menntabúða, jafningjafræðslu þar sem kennarar kynntu eitt og annað á þessu sviði sem þeim fannst ástæða til að miðla

til annarra. Öllum skólum á Eyjafjarðarsvæðinu var boðið að taka þátt og voru menntabúðirnar vel sóttar af kennurum Dalvíkurskóla.

- Unnið var markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum með stefnuna á að flagga Grænfánanum í fjórða sinn vorið 2018.
- Áfram var unnið að því að gera grunnþætti menntunar sem sýnilegasta í skólastarfinu og haft að markmiði að flétta þá inn í allt skólastarf.
- Eftirtaldir þróunar/stýrihópar, sem voru skipaðir kennurum og stjórnendum, störfuðu skólaárið 2016 – 2017:
  - Umhverfisnefnd
  - Stýrihópur um bættan námsárangur nemenda
  - Stýrihópur um uppbyggingarstefnuna
  - Eineltisteymi
  - Stýrihópur um læsi
  - Stýrihópur um innleiðingu LAP (fjölmennningarverkefni) í yngstu bekki grunnskólans í samvinnu við leikskólann Krílakot
  - Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
- Haldið var áfram að bjóða upp á hafragraut og ávaxtaáskrift fyrir nemendur. Töluverð þáttaka var í hafragraut í byrjun skólaárs en fljótlega dróg verulega úr henni og var sú ákvörðun tekin að bjóða ekki upp á hafragraut eftir 1. mars 2017. Haldið var áfram með ávaxtaáskrift fram á vor.
- Á vordögum var undirbúinn flutningur á Frístund úr Víkurröst í Dalvíkurskóla. Töluverðar skipulagsbreytingar voru gerðar innanhúss til að rúma hana.
- Ákveðið var að tónmenntakennsla, sem hefur farið fram í húsnaði tónlistarskólans fari fram í Dalvíkurskóla. Ráðast þurfti í framkvæmdir vegna hljóðvistar í einni kennslustofu.
- Sveitarfélagið sér nemendum fyrir námsgögnum frá og með hausti 2017.

### **Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum**

- Samstarf hefur verið við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar sem sér um tónmenntakennslu í skólanum sem hefur farið fram í húsnaði tónlistarskólans. Skólaárið 2017-2018 verður breyting á og kennslan flutt í húsnaði Dalvíkurskóla.
- Samstarf við Félag eldri borgara á Dalvík, þar sem eldri borgarar koma í skólann og aðstoða með lestur á yngra stigi.
- Samstarf er við leikskólann Krílakot um nám elstu barna þar og 1. bekkjar í Dalvíkurskóla. Markvisst ferli er í hvernig tilfærslu milli skólastiganna er hagað.

- Bókasafn Dalvíkurskóla og Bókasafn Dalvíkurbyggðar eiga með sér samstarf um millisafnalán. Nemendur skólans heimsækja Bókasafn Dalvíkurbyggðar undir leiðsögn starfsmanns þar og kennara sinna. Á áætlun er að auka þetta samstarf.
- Kennsluráðgjafi á fræðslusviði leggur lesgreiningarprófið LOGOS fyrir í 10. bekk og stærðfræðimat að hausti í 1. bekk auk annarra tilfallandi verkefna og þróunarstarfs.

## 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Stýrihópur um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla mun halda áfram störfum með svipuðu sniði og áður. Hann er skipaður þremur kennurum úr mismunandi teyllum, stjórnendum Dalvíkurskóla og kennsluráðgjafa á fræðslusviði Dalvíkurbyggðar. Skólaárið 2017 - 2018 verður megin áherslan lögð á vinnufrið í bekkjum, hegðun og virkni nemenda. Það verður unnið í samráði við náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla. Áhersla verður einnig lögð á að efla fjölmenningarlega kennsluhætti.
- Þróunarverkefni sem hefur yfirskriftina “Hugarþjálfun er líkamsrækt hugans”. verður í gangi í vetur en Sprotasjóður styrkir verkefnið. Markmið með verkefninu er að þróa árangursríkar kennsluáferðir til að efla vinnsluminni, vinnsluhraða og athygli nemenda. Einnig að til verði hugmyndabanki með árangursríkum hugmyndum. Verkefnastjóri verður Gunnhildur Birnisdóttir.
- Kennarar og stuðningsfulltrúar tók þátt í námskeiði haustið 2017 sem heitir “Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi” Eftirfylgni með námskeiðinu verður fram að áramótum þar sem unnið verður í hópum. Námskeiðinu lýkur 7. Desember 2017.
- Skólareglur verða endurskoðaðar á skólaárinu 2017 – 2018.
- Stærðfræðikennarar á miðstigi taka í vetur þátt í samstarfsverkefni með sjö öðrum skólum, þremur staðsettum á Akureyri, tveimur í Reykjavík og tveimur á Snæfellsnesi. Það eru HA og HÍ sem halda utan um þetta verkefni og bauðst Dalvíkurskóla að vera með í því honum að kostnaðarlausu. Markmiðið er að styrkja stærðfræðikennslu á miðstigi með því að mennta leiðtoga úr hópi kennara sem síðan vinna með samstarfsfólki sínu eftir ákveðnu skipulagi. Kennsluráðgjafi á fræðslusviði tekur einnig þátt í verkefninu.





- Kennarar í 1. og 2. bekk ásamt verkefnastjóra sérkennslu verða í óformlegu samstarfi við kennara í Oddeyrarskóla og Síðuskóla á Akureyri um þróun vinnubragða í stærðfræðikennslu yngstu barnanna (Zankov). Kennsluráðgjafi á fræðsluviði tekur einnig þátt í verkefninu.
- Starfsfólk Dalvíkurskóla stefnir á námsferð til Glasgow í byrjun júní þar sem aðaláhersla verður á innra mat á gæðum skólstarfs.

## Fyrirhugar breytingar fjárhagsárið 2018

Ekki verða miklar breytingar á starfsemi Dalvíkurskóla en vonandi verður framhald á að Dalvíkurbyggð sjái nemendum fyrir námsgögnum. Útlit er fyrir að nemendafjöldi verði svipaður næstu árin en alltaf verða einhverjar breytingar þegar nýtt skólaár hefst. Óskað er eftir að lóð Dalvíkurskóla verði hönnuð í heild sinni og í kjölfarið verði tímasett framkvæmdaáætlun lögð fyrir sveitastjórn.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017 *
Nemendafjöldi	240	226	220	220
Starfsmannafjöldi	52	50	47	48
Meðalstarfsaldur á starfsstað	8,6	7,9	7,5	
Heildarfjöldi stöðugilda	39,5	39,29	37,99	37,39
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stjórnun	3/2	3/2	3/2	3/2
Fjöldi stöðugilda kennara	21,52	21,39	21,3	20
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	5,47	4,89	4,19	4,89
Fjöldi annarra stöðugilda	10,51	11,01	10,5	10,5
Heildarstærð húsnæðis	3051	3051 fm	3051 fm	3051 fm
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	22	24	24	22
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	26	29	32	50
Fjöldi spjaldtölva	50	53	75	78
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	6,9	4,94	5,08	4,79
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	70,4	56,36	58,0	48,54
Heildarfjöldi launalausra frídaga	5	94	133	79
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	156	178,75	205	125
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	56%	72%	87%	88%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	50%	84%	68%	70%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	97%	97%	94%	97%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	82%	88%	88%	97 %
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	68%	69%	90%	81%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	99%	92%	95%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	100%	100%	97,5%	100%

Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	99%	69%	85%	77%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	6%	4%	2,08%	2,00%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	15%	18,3%	18%	16%
Kynjahlutfall nemenda (kvk)	44%	46,7%kvk	45,7 kvk	43,6%
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk)	81%	80,4% kvk	81,25%k	80%
Frávik í fjárhagsáætlun	104%		104%	101%

### 7. 3ja ára áætlun

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Skipta út Multichet – tölvukerfi sem er á vinnusvæði kennara, það er ekki að virka í því tölvuumhverfi sem kennarar eru að nota í dag.
- Laga þarf þak á áfanga I og II í Dalvíkurskóla.
- Lóð Dalvíkurskóla verði hönnuð í heild sinni og í kjölfarið verði tímasett framkvæmdaáætlun lögð fyrir sveitastjórn.
- Haldið verði áfram að vinna eftir úrbótaáætlun frá iðjubjálfa sem tók út vinnuaðstöðu starfsmanna.
- Endurnýja húsgögn í stjórnunarrými með það í huga að stjórnendur geti staðið við vinnuborð.
- Gera á ráð fyrir myndavélakerfi við skólann bæði inni og úti
- Endurnýja eitt bekkjarsett af húsgögnum í eina kennslustofu ár hvert á næstu árum.



## Frístund

### 1. Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

### 2. Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði, hópastarf og skapandi verkefni.

### 3. Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018

Frístund er rekin sem sjálfstæð rekstrareining hjá Dalvíkurbyggð og er hún fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Skólastjóri Dalvíkurskóla er ábyrgur fyrir starfsemi Frístundar. Foreldrar skrá börn í Frístund hjá skólaritara Dalvíkurskóla. Skólaritari sendir upplýsingar um Frístund til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk áður en skóli byrjar að hausti.

- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Auka tengsl Frístundar við starfið í Dalvíkurskóla og samræma reglur.
- Skilgreina betur hvað er gert í *Frístund* og upplýsa foreldra.
- Þróa innra mat á *Frístund* í samvinnu við fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.
- Skoða leiðir til að gera samskipti og upplýsingagjöf til foreldra skilvirkari, til dæmis með því að nota Námfús eða samfélagsmiðla.
- Auka tengsl *Frístundar* við kennarateymi í Dalvíkurskóla.
- Starfsmaður Frístundar sitji fundi með kennarateymi yngsta stigs mánaðarlega.
- Aukin tengsl milli Bókasafns Dalvíkurskóla og *Frístundar* með það að leiðarljósi að auka færni í lestri.

### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Starfsmaður Frístundar sat fundi hjá yngsta stigi í Dalvíkurskóla mánaðarlega.
- Undirbúningur flutnings Frístundar úr Víkurröst í húsnæði Dalvíkurskóla.
- Í byrjun skólaárs 2017 – 2018 var sett niður dagsskipulag og það gert sýnilegt.

## 5. Meginverkefni yfristandandi árs (2018)

- Að aðlagast nýju húsnæði.
- Að sjá fyrir sér nýtingu á skólahúsnæði Dalvíkurskóla.
- Starfsfólk Frístundar fer í námsferð til Glasgow í júní byrjun.
- Vinna að því að starfsfólk Frístundar tengist starfsfólki Dalvíkurskóla.
- Að aðstoða áfram þá nemendur sem þessa þurfa með heimanám.

## Fyrirhugar breytingar fjárhagsárið 2018

Töluverðar breytingar verða með að skipta um húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað. Lagt verður upp með að gera húsnæðið heimilislegt og að börnum líði vel. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði á húsbúnaði í Frístund á næsta fjárhagsári. Barnafjöldi er að aukast og nú eru 34 nemendur skráðir í Frístund og á eitthvað eftir að aukast. Nú eru starfsmenn orðnir þrír.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Fjöldi barna sem skráð eru í <i>Frístund</i>	15	18	28	34
Fjöldi starfsmanna	1	1	2	3
Fjöldi stöðugilda	0,45	0,45	0,80	1,19
Fjöldi klst í vistunartíma pr. mánuð	376	522	853	840,7
Frávik frá fjárhagsáætlun		0,98%	0,88%	0,73%

\*m.v. 1. sept 2017

## 7. 3ja ára áætlun

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Að húsnæði Frístundar verði byggt upp þannig að hægt verði að nýta það sem námsver fyrir hádegi.
- Að gera aðstöðu í Frístund heimilislega og aðlaðandi fyrir nemendur.

## Árskógarskóli



### 1. Leiðarljós

Hornsteinar skólans eru myndaðir úr staðarheitinu ÁRSKÓGUR -NámsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing.

Árskógarskóli er athvarf nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli á leik- og grunnskólastigi þar sem hver og einn skal njóta sín á eigin forsendum í leik, námi og starfi.

### 2. Hlutverk

Árskógarskóli er fyrir börn frá 9 mánaða til 12 ára aldurs eða við lok 7. bekkjar grunnskóla. Árskógarskóli starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 og vinnur eftir *aðalnámskrám leik- og grunnskóla frá 2011 og Skólastefnu Dalvíkurbyggðar*. Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið hvern dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

- Framkvæmd náms og kennslu er meginverkefni skólans.
- Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skóla-kerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldu-aldri.
- Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við markmið laga.
- Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri. Öllum börnum á aldrinum 6–16 ára er skylt að sækja grunnskóla.
- Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, [skólaþjónustu], mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.
- Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.
- Nemendaverndarráð sem einnig gegnir hlutverki eineltisteymis er starfandi við skólann.
- Skóla- og foreldraráð, þvert á skólastig, er starfandi við skólann og fjallar um starfið, námsumhverfið og fleira samkvæmt hlutverki sínu í lögum.
- Skólastjórnendur gefa út fréttabréf og viðburðadagatal í hverjum mánuði.
- Skólastjóri sendir starfsfólki póst í hverri viku þar sem kemur fram hvað sé framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingakerfið Námfús er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms, þroska og líðan barna sinna.
- Heimasíða Árskógarskóla og facebook síða eru virkar og efni aðgengilegt og uppfært reglulega. Þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólastarfið m.a. skólanámskrá, starfsáætlun og kennsluáætlanir.
- Nánar um lög, reglugerðir, aðalnámskrár má lesa hér á heimasíðu skólans:  
<https://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/skolinn/namskrar-starfsaetlun-log>



#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Þátttaka í gerð læsisstefnu Dalvíkurbyggðar.
- Áframhaldandi vinna að markmiðum í umhverfismennt tengdum Grænfána.
- Skólaþing um grunnþáttinn *sköpun* var haldið vorið 2017.
- Þjónustustefna Dalvíkurbyggðar kynnt starfsfólki.
- Haldið áfram að innleiða PALS í lestrarþjálfun og stærðfræði PALS, hvoru tveggja á leik- og grunnskólastigi.
- Innleiddum nýtt læsispróf frá Menntamálastofnun, *Lesferil*.
- Facebooksíða stofnuð fyrir foreldra barna á leikskólaaldri með það markmið að gera starfið sýnilegra og auka möguleikar foreldra á að eiga samtal við barnið sitt um skóladaginn.
- Börn sem byrja á Kötlukoti-leikskólastig fá nú blað heim með punktum og leiðum fyrir foreldra til að styðja við málþroska barna sinna.
- Málörvunarvinna kennara á leik- og grunnskólastigi tók mikinn tíma og þörfin mikil.
- Ný heimasíða keyrð af stað og uppfærð.
- Krakkajóga fyrir alla nemendur skólans í boði foreldrafélagsins var tvisvar í viku janúar, febrúar og mars. Kennari kom frá Akureyri.
- Rennibraut og kofi sett niður á leiksvæði leikskólanemenda.
- Skólinn fékk fjórar nýjar saumavélar, þar af gaf foreldrafélagið eina og Kvenfélagið Hvöt eina.
- Aukin áhersla var á lífsleiknikennslu gegnum bekkjarfundi og verkfæri Uppbyggingarstefnunnar. Áhersla á sjálfsaga út frá grunnþörfunum.
- Samkennsla leik- og grunnskólastigs með áherslu á íslensku og stærðfræði.
- Skólastjóri varð staðarhaldari félagsheimilisins í Árskógi.



#### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Bókasafnið á Dalvík sendir reglulega bókakassa í skólann til að auka úrval bóka. Nemendur skólans heimsækja safnið reglulega.
- Gerð læsisstefnu sveitarfélagsins með fræðsluviði, hinum skólunum og bókasafni.
- Reglulega eru haldnar rýmingaræfingar með slökkviliði.
- Samvinna með félagsmálasviði um málefni nemenda, nemendaverndarráð.
- Sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.

- Tónlistarskólakennarar kenna nemendum á skólatíma. Einnig sinnir kennari frá Tónlistarskólanum tónmenntakennslu í 1.-5. bekk og er með söng og spilastund á leikskólastigi.
- 1. bekkur fer á skíði í boði Skíðafélags Dalvíkur.
- Þróun útikennslustofu í samvinnu við umhverfisstjóra.
- Þroskaþjálfari kemur vikulega í skólann frá Dalvíkurskóla. Þaðan koma einnig iðjuþjálfari og námsráðgjafi eftir þörf hverju sinni.

#### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Málörvunarvinnu þarf að efla í samvinnu við talmeinafræðinga.
- Þróun smiðja í list- og verkgreinum.
- Aðgengi að sálfræðiþjónustu þarf að tryggja.
- Þátttaka og innleiðing á verkefni Dalvíkurbyggðar um *Eigið eldvarnaeftirlit-Eldvarnabandalagið*.
- Sett verði upp skýli fyrir útikennslu sunnan félagsheimilis.
- Grænfána verði flaggað í fjórða sinn vorið 2018.
- Innleiðing á læsisstefnu Dalvíkurbyggðar.
- Þátttaka vorið 2018 í könnun á námi og líðan nemenda á yngsta stigi grunnskóla með Skólapúlsinum.
- Endurskoða uppsetningu skýrslu um innra mat í samstarfi við fræðsluvið.
- Innleiðing á Vinnustund nýju skráningarkerfi starfsmanna.
- Áfram unnið að verkfærum/matstækjum fyrir kennara til snemmtækrar íhlutunar í nám nemenda á leik- og grunnskólastigi í samvinnu við kennsluráðgjafa, þroskaþjálfara og aðra sérfræðinga.
- Viðhalda verkfærum Uppbyggingarstefnunnar og fræðslu um hana.

#### Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn árið 2018

- Læsisstefna.
- Uppbyggingarstefnan.
- Skóli á grænni grein-Grænfáni.
- Þróun smiðja í list- og verkgreinum.
- Innleiðing velferðarstefnu-velferðarsamtals.

#### Greinargerð um breytingar og nýmæli

##### Húsnæðismál

- Mála elsta hluta skólans að innan.
- Skipta um gólfdukk á heimasvæði grunnskólastigs.
- Lagfæra sprungur og dúk á Kötlukoti.



- Lagfæra í kringum skólann, hellur, tréverk o.fl.

## Starfsmannamál

- Ef nemendum fjölgar frekar þarf að huga að ráðningu kennara.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Nemendafjöldi	39	35	30	39
Börn á leikskólaaldri	14	14	15	17
Börn á grunnskólaaldri	25	21	15	22
Barngildi leikskólabarna	17	20,6	20,2	21,8
Dvalargildi leikskólabarna	99,5	99,7	108,5	126,6
Á virkum biðlista um leikskólaláss	0	0	0	0
Starfsmannafjöldi	14	12	11	11
Meðalstarfsaldur á starfsstað	1,8	2,5	3,2	4,2
Heildarfjöldi stöðugilda	9,5	8,75	7,75	7,67
Fjöldi stjórnenda	2	2	2	2
Hlutfall stöðugilda kennara	68%	69%	64%	70%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0,4	0	0	0
Fjöldi annarra stöðugilda	2,5	2,5	2,3	2,3
Heildarstærð húsnæðis	652,4	652,4	652,4	652,4
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	6	5	5	5
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	12	12	12	12
Fjöldi spjaldtölva	14	14	14	14
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	4,6	2,9	2,9	3,1
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	29,5	15,3	15,5	26
Heildarfjöldi launalausra frídaga	32	14,8	44	8
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk er fjarverandi	30	31,2	9	17
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	100%	100%	100%	100%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	100%	100%	90%	100%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	100%	97,44%	93%	100%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	97%	92,31%	93%	99%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	50%	67%	90%	100%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	100%	87,5%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	100%	100%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	85%	100%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	0	0	0	0
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	2,5%	6%	6,3%	5%
Kynjahlutfall nemenda	46%	60%	59%	60%



DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

Kynjahlutfall starfsfólks (kvk)	85,70%	83,3%	82%	82%
Frávik í fjárhagsáætlun	96%	99%	99%	101%

\* m.v. 1. september 2017

## 7. 3ja ára áætlun

### Forsendur

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum í rekstri og fjárfestingum árin 2019-2021. Ef nemendum fækkar eða fjölgar verulega og meira en verið hefur undanfarin ár þarf að grípa til þeirra ráðstafana sem þarf, þ.e. að draga úr stöðugildum eða auka þau.



## Krílakot

### 1. Leiðarljós

## Gleði – Sköpun – Þor

Leiðarljós leikskólans Krílakots eru:

- Að leitast við að koma ávallt til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, innan marka laga, reglna og samþykktá sveitarstjórnar.
- Að leitast ávallt við að sýna börnum, foreldrum og samstarfsmönnum jákvætt og vinsamlegt viðmót.
- Að starfsmenn Krílakots vinni saman að markmiðum sem samstilltur hópur og í samræmi við gildi skólans.
- Að unnið sé eftir skólastefnu sveitarfélagsins.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.
- Að leitast við að gera betur í dag en í gær og ennþá betur á morgun.
- Hámarksnýting og lágmarkssóun.

### 2. Hlutverk

Framtíðarsýn Krílakot er að sinna uppeldis, umönnunar og menntunarhlutverki sínu til samræmis við námskrá, lög og skólastefnu Dalvíkurbyggðar.

Leikskólinn Krílakot starfa eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er, frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs. Forgang hafa börn frá 2ja - 6 ára.

Markmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi á skapandi, virkan og ábyrgan hátt. Unnið er markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og hver einstaklingur ber virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- *Sameining* Krílakots og Kátakots var stærsta verkefnið á liðnu skólaári. Stóra verkefnið var að finna taktinn í húsinu, hvernig best er að hafa hlutina svo leikskólastarfið verði sem farsælast.
- *Uppbyggingarstefnan*. Við höldum áfram að innleiða Uppbyggingarstefnuna með því að samræma reglur, vinnubrögð og sáttmála skólans.
- *Fjölmennning*. LAP verkefnið okkar var í fullum gangi allt skólaárið. Á vordögum 2017 fengum við greiddan seinni hluta af styrk sem við fengum frá Þróunarsjóði innflytjendamála, kr. 350.000.
- *Læsi*: Unnið áfram að innleiðingu *K-PALS* og *Lubbi finnur málbein*.
- *Stærðfræði*. Kennsluráðgjafi leiðbeindi starfsfólki á elstu tveimur deildunum með stærðfræðikennslu.
- *Mötuneyti*: Allur matur er eldaður frá grunni. Hollusta og mannelismarkmið frá Lýðheilsustöð höfð að leiðarljósi.
- *Heilsustefnan*: Í janúar kom fulltrúi frá Heilsuleikskólum og kom starfsfólkinu af stað við að fylla út heilsubók barnsins.
- *Foreldrahandbók*: Ný foreldrahandbók er tilbúin og komin á heimasíðu Krílakots.
- *Mat skólastarfi*: Í kjölfar ytra mats á vegum Mennta og menningarmála-ráðuneytis var gerð umbótaáætlun til að bregðast við athugasemdum sem þar komu fram. Í kjölfar innra mats starfsfólks var gerð umbótaáætlun til að bregðast við athugasemdum sem þar komu fram.
- *Samverustundir* fyrir pólska nemendur skólans settar á tvisvar sinnum í viku fyrir hvert barn. Pólskir kennarar sjá um þær.
- *Heimasíða* skólans fékk nýtt útlit.
- *Skóladagatal*, *matseðlar*, *námsáætlanir* og aðrar upplýsingar um starf Krílakots eru hengdar upp í fataherbergjum og birtar á heimasíðu svo foreldrar hafi greiðan aðgang. Allir starfsmenn skólans hafa netfang til að auðvelda upplýsingagjöf milli starfsmanna og einnig milli foreldra og starfsmanna.
- *Stjórnarfundir*. Vikulega fóru leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastóri og deildarstjórar yfir vikuna og starfið framundan. Fréttabréf sent á allt starfsfólk í kjölfarið. Fundargerðir eru skráðar og prentaðar út svo allir starfsmann hafa greiðan aðgang að þeim. Fundargerðir eru einnig skráðar á starfsmannafundum og þeim haldið til haga.



### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Dalvíkurskóli: Dalvíkurskóli og Krílakot hafa með sér formlegt samstarf sem birtist m.a. í vinnu nemenda að sameiginlegum verkefnum, heimsóknnum elstu leikskólabarnanna í Dalvíkurskóla, heimsóknnum nemenda 1. bekkjar í Krílakot og samráðsfundum milli skólastiganna. Markmið með samstarfinu eru að auðvelda börnum að flytjast milli skólastiganna og að eðlileg samfella og stígandi skapist í námi þeirra. Einnig að kennarar beggja skólanna hittist í þeim tilgangi að efla samstarf og samræðu milli skólastiganna. Krílakot og Dalvíkurskóli er í samstarfsverkefni með K-PALS þar sem börnin vinna með það á leikskólanum og byrja svo þar sem við endum þegar þau byrja í grunnskólanum.
- Bókasafn: Börn af Mánakoti, Kátakoti og Hólakoti heimsækja Bókasafn Dalvíkurbyggðar vikulega. Þar er þeim kynnt starfsemi þess, lesið fyrir þau og farið í leiki.
- Tónlistarskóli: Tónlistarkennari er vikulega með tónlistarkennslu fyrir börn af Kátakoti og Hólakoti.
- Íþróttir: Börn af Kátakoti og Hólakoti fara einu sinni í viku í Íþróttamiðstöð Dalvíkur.
- Félagsmálasvið: Þroskþjálfari sem starfar á félagsmálasviði situr fundi nemendaverndarráðs sem eru á 6 vikna fresti. Þar er farið yfir málefni einstakara barna og þeim beint í farveg eftir því sem þurfa þykir.
- Skólaskrifstofa: Skólaskrifstofa er Krílakoti til stuðnings og utanumhalds eftir þörfum og kennsluráðgjafi situr í nemendaverndarráði.

### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- *Uppbyggingarstefnan*. Haldið áfram að innleiða Uppbyggingarstefnuna með því að samræma reglur og sáttmála skólans.
- *LAP*. Haldið áfram að laga LAP að starfi leikskólans. Lokið við handbók fyrir kennara með hugmyndum að verkefnum í fjölmennningarlegum leikskóla.
- *Samverustundir* fyrir pólsk börn með pólskum kennara festar í sessi tvisvar í viku.
- *Heilsustefnan*: Innleiðingu lýkur vorið 2018, þá verður sótt um að verða heilsuleikskóli.
- *Stærðfræði*. Kennsluráðgjafi leiðbeini starfsfólki á yngstu deildum um hvernig flétta má stærðfræðinám inn í dagslegt starf með börnum og kveiki í samstarfi við þá hugmyndir



- að skemmtilegum verkefnum sem styðja við stærðfræðináám.
- *Tónar eiga töframál:* Tónlistarkennari kemur á Krílakot einu sinni í viku.
  - *Grænfáni:* Unnið verður með hnattrænt jafnrétti.
  - *Læsi:* Haldið áfram að vinna með *K-PALS* og *Lubba* samkvæmt áætlunum.
  - *Áætlanir:* Allar námsáætlanir yfirfarnar og samræmdar áætlanir innleiddar á deildir. Yfirfara áætlanir um forvarnir, fræðslu- og samstarf við aðrar stofnanir.
  - Heimasíða í stöðugri endurskoðun og upplýsingum bætt inn.
  - Rýmingaræfing vegna eldsvoða verður haustið 2017 og vorið 2018.
  - Þátttaka í gerð *læsisstefnu* Dalvíkurbyggðar.
  - *Fjarverusamtöl* innleidd– hluti af Mannauðsstefnu og stjórnendahandbók.
  - Skóladagatal, matseðlar, námsáætlanir og aðrar upplýsingar um starf Krílakots eru hengdar upp í fataherbergjum skólans og birtar á heimasíðu hans svo foreldrar hafi greiðan aðgang.
  - Stjórnarfundir eru vikulega þar sem leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastóri og deildarstjórar fara yfir vikuna og hvað er framundan. Fréttabréf sent á allt starfsfólk eftir fundinn. Fundargerðir eru skráðar á stjórnarfundum og teymisfundum. Allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að þeim. Fundargerðir á starfsmannafundum eru einnig skráðar og þeim haldið til haga.
  - Deildafundir (skipulagning og samræming starfshátta á deildum) verða þrjár á skólaárinu og starfsmannafundir (samræma starfsemi skólans, fræðsla o.fl.) einnig. Starfsdagar verða sex.

#### **Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:**

- *Heilsuefandi Dalvíkurbyggð.* Unnið að þessu áfram með öðrum fagsviðum.
- *Fjölmennig.* Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

#### **Greinargerð um breytingar og nýmæli**

##### **Húsnæðismál:**

- Setja skilrúm fyrir WC á elstu deildum.
- Fjölga/lagfæra stóla fyrir nemendur.
- Fjölga dýnum fyrir nemendur.
- Endurnýja kennarastóla í fataklefa.
- Setja upp vatnsbrunn í fataklefa (gjöf frá foreldrafélagi).
- Setja þvottavél og þurrkara í ræstikompu nýbyggingar.
- Fjölga kælum og frystum um einn.
- Stækka lóðina í átt að heilsugæslustöð.
- Lagfæra lóð samkvæmt lóðarúttect.



- Útbúa matjurtagarð.
- Útbúa útiðlunarstæði á skólalóð.

#### Starfsmannamál:

- Vinna þarf að því að skapa svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun til að efla sig og styrkja í starfi.
- Leita leiða til að sporna við miklum fjarvistum starfsmanna.
- Hvetja stafsfolk til sí- og endurmenntunar. Efla og styrkja fagvitund starfsmanna.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Nemendafjöldi	45/55	39/55	100	105
Barngildi leikskólabarna	37/69	34/82	117	129,5
Dvalargildi leikskólabarna	337/410	298/403	710	749
Starfsmannafjöldi	10/18	9/19	28	31
Meðalstarfsaldur á starfsstað	6,9/5,7	8,7/5,6	7,6	5,3
Heildarfjöldi stöðugilda	8,5/13,76	7,43/14.0,1	22,11	26,5
Fjöldi stjórnenda	2/4	2/4	6	7
Hlutfall stöðugilda kennara	52/55% **	60,5/51%**	53%	8,5
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0/0%	0/0%	0%	0,9
Fjöldi annarra stöðugilda	4,17/5,2	4.5/8,21	10,11%	16,9
Heildarstærð húsnæðis	369/411	369/411	970fm	970
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfolk	3/2	3/2	5	6
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	1/0	1/0	1	1
Fjöldi spjaldtölva	3/3	5/6	13	6
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks (- langtíma)	6,3/6,5	4,3/5,6	5,1	343
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	10/30	20/34	33,5	80,25
Heildarfjöldi launalausra frídaga	9/7,5	36/23	75	224,4
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfolk var fjarverandi	17/16	17/26	20,88	63,6
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	72/63%	80/94%	77%	70%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	94/100%	100/98,3%	100%	100%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	77/88%	100/96%	93%	98,6%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	77/85%	80/84%	85%/66%	60%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	71/100%	100/93,75%	100%/100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfspróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	100/100%	100%100%	100%/100%	83,3%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	28,57/100%	50/100%	100%/67%	84%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	10/5%	11/10,5%	21,4%	16%

Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	24/28%	24/27%	29%	20%
Kynjahlutfall nemenda	50/52%	46,1/48%	53%kvk	51% kvk
Kynjahlutfall starfsfólks	90/100 kvk	89/100%kvk	96,42%kvk	96,7 kvk
Frávik í fjárhagsáætlun	106,5/105,3%	96/96%	98%	101,1%

## 7. 3ja ára áætlun

### Forsendur

Ekki er gert ráð fyrir að gera breytingar á rekstri Krílakots heldur verður áherslan lögð á að styrkja okkur í þeim verkefnum sem við erum í nú þegar.

- Gera námsáætlanir fyrir hverja deild.
- Auka samstarf milli deilda leikskólans.
- Ramma betur inn samstarf við aðrar stofnanir s.s. Dalvíkurskóla, Tónlistarskólann, söfn Dalvíkurbyggðar og við Árskógarskóla.
- Styrkja okkur enn frekar í Uppeldi til ábyrgðar.
- Vera á heilsubraut.
- Styrkja okkur enn frekar sem fjölmennigarlegur skóli.
- Efla læsi með því að hlúa að K-PALS, Lubba og Söguskjóðunum.
- Efla stærðfræði.
- Hvetja starfsmenn til sí- og endurmenntunar.
- Að foreldrahandbók verði til á íslensku, ensku og pólsku.
- Stofna faghópa innan skólans.
- Stofna matsteymi til að meta innra starf.
- Auka vellíðan í starfi meðal starfsfólks.
- Sérkennslustjóri verði ráðinn í 100% starf.
- *Leikskólalóð*. Merki til upplýsinga um hönnuð leikskólalóðar og hugmyndafræði.
- Rækta matjurtir.
- Efla útikennslu enn frekar.
- Bæta merkingar bæði úti og inni.
- Stækka bílastæði.





## Tónlistarskólinn á Tröllaskaga



### 1. Leiðarljós

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga skal vera ein af menningarstoðum samfélagsins og taka virkan þátt í menningarlífinu. Nemendur Tónlistarskólans skulu vera sýnilegir á hinum ýmsu samkomum í þeirra byggðarkjörnum og þannig efla stöðu tónlistar í sínu samfélagi. Æskilegt er að nemendur jafnt sem kennarar fái tækifæri til að stunda list sína og samfélagið njóti þess.

### 2. Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskóla kemur fram að tónlistarskóli skuli vera opinn öllum og sinna almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf því að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar er ekki síst mikilvægt. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

- Rannsóknir hafa leitt í ljós að tónlistarnám hefur bætandi áhrif á annað nám sérstaklega í raungreinum. Það eykur einbeitingu og stuðlar að betri vinnubrögðum hjá nemendum. Auk þess hefur tónlist og tónlistariðkun bætandi áhrif á sálarlífið og stuðlar að gleði og lífsfyllingu.
- Tónlist hefur róandi áhrif á alla, samleikur og kórsöngur stuðlar að meiri félagsþroska hjá börnum. Vonandi verður heimasíðan til þess að hvetja fólk til að kynna sér betur

starf Tónlistarskólans á Tröllaskaga og taka virkan þátt í starfinu sem þar fer fram. Skólinn er ekki bara fyrir börn heldur líka fullorðna og allir sem áhuga hafa á tónlist geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans.
- Unnið verður að aðlögun *Uppbyggingarstefnunnar* að tónlistarskólanum.
- Innleiðing *Grænfánans* heldur áfram og verður skólinn að stofna umhverfisnefnd.
- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem ríkir í skólanum.
- Haldið verður formlega utanum símenntun kennara með skráningareyðublöðum.
- Starfsmannahópurinn hefur stækkað og því meira svigrúm til að bregðast við áföllum s.s. veikindum, fækkun eða fjölgun nemenda á ákveðnum hljóðfærum.
- Þegar starfsmannahópurinn er stærri er meiri þekking og breidd innan hans og því mögulegt fyrir kennara að læra af samstarfsfélögum sínum. Kennarar sem hafa sérhæft sig á ákveðin hljóðfæri geta því sinnt þeim nemendum betur og skólarnir ná fram betri kennsluáðferðum og árangri.
- Skólinn leggi foreldra og starfsmannakannanir fyrir árlega.
- Hagkvæmari símenntunarmöguleikar til staðar fyrir kennara og hlutfallslega ódýrara fyrir skólann að bjóða upp á símenntun.
- Mögulegt er að nemendur sem staddir eru á svipuðum stað í tónlistarnámi hittist í auknu mæli og spili saman á sérstökum æfingum t.d. fyrir tónleika. Jafnframt er tækifæri til að skoða hópkenntu í auknu mæli bæði innan skólanna og milli þeirra.
- Nýir möguleikar til hljóðfæranáms með enn meiri nálgun við Menntaskólann á Tröllaskaga og þær námsbrautir sem eru þar í boði fyrir unga tónlistarmenn.



#### **4. Helstu verkefni liðins skólaárs (2016-2017).**

- Tónlistarskólinn er komin í nýtt, mjög hentugt húsnæði á Dalvík.
- Boðið var upp á frítt nám í málmb læstri. Níu nemendur skráðu sig.
- Haustfundur tónlistarkennara var 18. september og sóttu allir kennarar fundinn.
- Stjórnendur sóttu þing skólastjóra tónlistarskóla 26. – 28. september.
- Hausttónleikar voru haldnir 15. – 16. október.

- Jólatónfundir voru haldnar í skólanum og farið var í heimsókn á Dalbæ og Hornbrekku með jóladagskrá.
- Árleg viðhorfskönnun foreldra og kennara var lögð fyrir og var niðurstaða hennar verulega ánægjuleg fyrir tónlistarskólann.
- Uppskerutónleikar Tónlistarskólans á Tröllaskaga voru haldnar í Tjarnarborg þriðjudaginn 7. mars 2017. og tóku um 35 nemendur skólans þátt í tónleikunum þetta árið:

**Ópinn flokkur.** Hljómsveit sem skipa Daði Þórsson, trommur, Einar Örn Arason, bassi, Þorsteinn Jakob Klemenzson, gítar, Styrmir Þeyr Traustason, píanó, Gunnhildur Lilja Kristinsdóttir, söngur og Selma Rut Guðmundsdóttir, söngur flutti lagið *People help the people*.

Hljómsveit sem skipa Laufey Ipsita Stefánsdóttir, fiðla, Gunnhildur Lilja Kristinsdóttir, fiðla, Verónika Jana Ólafsdóttir, fiðla, Birna Karen Sveinsdóttir, fiðla, Sigríður Erla Ómarsdóttir, flauta, Svanbjörg Anna Sveinsdóttir, píanó og Steinunn Sóllilja Dagsdóttir, tamborínu, flutti verk eftir L. Van Beethoven *12 Contredanses nr. 1, 8, 12*.

**Grunnstig:** Áfram völdust atriðin *Leiðin okkar allra* flutt af bræðrunum Júlíusi Þorvaldssyni, gítar og söngur og Tryggva Þorvaldssyni, píanó og söngur og *Promise* sem Sigríður Erla Ómarsdóttir lék á þverflautu við undirleik Páls Barna Zabo.

**Miðstig:** Áfram völdust atriði Gunnhildar Lilju Kristinsdóttur sem lék á fiðlu verk eftir C. Bohm *Perpetual Motion* úr "Litlu svítunni" nr. 6 og lagið *Unknow blues* leikið á gítar af Þorsteini Jakobi Klemenzsyni.

- Skólinn fór með 20 nemendur í þremur flokkum, grunnstigi, miðstigi og opnum flokki, á Nótuna á Egilsstöðum. Þeir stóðu sig allir frábærlega vel. Hljómsveit sem kennd er við Jóhann Svarfdæling komst áfram í Hörpu með lagið *People help the people*. Hljómsveitin var eins skipuð og á uppskerutónleikunum.
- Kennarar sóttu námskeið í hljóð og upptökufræðum.
- 145 börn tóku árspróf og 23 nemendur tóku áfanga í tónfræði. Helga Dís Magnúsdóttir lauk grunnstigi á klassískan gítar og Laufey Ipsita Stefánsdóttir miðprófi á fiðlu.



## 5. Meginverkefni á komandi skólaári (2017-2018).

- Foreldravika verður 11. – 15. september. Foreldrum býðs að koma í skólann með nemendum og einnig verður hægt að panta viðtalstíma með stjórnendum.
- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélaganna með aðkomu að viðburðum skólanna og einnig er markmið að setja upp söngskemmtun eða söngleik.
- Tónlistarskólinn sér um tónmenntarkennslu fyrir grunnskólana í Dalvíkurbyggð og í Árskógi og einnig í Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Haustfundur tónlistarkennara verður haldinn 6. október á Gamla Bauk á Húsavík.
- STS þing skólastjóra tónlistarskóla var haldið 29. ágúst – 1 september.
- Samstarf við leikskóla heldur áfram að þróast með föstum heimsóknum og er söngstund í öllum leikskólum á Tröllaskaga. Einnig hafa börn úr leikskólanum komið í heimsókn í tónlistarskólann.
- Frístund í Fjallabyggð: Barnakór á mánudögum kl. 13.30 – 14.30.
- Frístund í Fjallabyggð: Forskóli fyrir 1 - 2 bekk á miðvikudögum kl. 13.30 – 14.30.
- Frístund í Fjallabyggð: Samspil ugulele gítarhóps á fimmtudögum kl. 13:30 -14:30.
- Hausttónleikar verða 17., 18. og 19. október.
- Þemavika skólans verður í nóvember með írsku þema og verður skólinn með tónleika með góðum gestum.
- Farið verður einu sinni í viku í heimsókn á Dalbæ með nemendum skólans á Dalvík.
- Í kringum haust-, jóla- og vortónleika verða farnar heimsóknir á Dalbæ, Hornbrekku, Skálarhlíð og Sjúkrahúsið á Siglufirði.
- Jólatónleikar 12., 13. og 14. desember.
- Uppskerutónleikar Tónlistarskólans 6. mars.
- Skólinn tekur þátt í Nótunni í Hofi og svo vonandi í Eldborg í Hörpu.
- Unnið verður að því að aðlaga *Uppbyggingarstefnuna* að skólastarfinu.
- Með tilkomu rafrænnar dagbókar og með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn verður reglubundnara mat lagt á árangur nemenda en áður.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil, hljómsveitarstarf og upptökur innan skólans. Allir kennarar verða að koma að samspili eða hljómsveitarstarfi.
- Námskeið verða á vegum listhúss Fjallabyggðar.
- Vortónleikar verða 15., 16. og 17. maí og skólaslit föstudaginn 31. maí.
- Upptökuvika verður 22. – 25. maí.



## Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess. Einnig eru margir foreldrar sem nota netpóst og síma.
- Tónlistarskólinn er með heimasíðu [www.tat.is](http://www.tat.is) og fésbókarsíðu til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins.

## 6. Lykiltölur

	2016 TAT	2017-2018
Starfsmannafjöldi	16	17
Meðalstarfsaldur á starfsstað	6,2	7.5
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	11.35	11.35
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	10.5	10..5
Fjöldi nemenda	210	207
Fjöldi nemenda eftir kyni	Kvk. 53%	Kvk 58%
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa saman að	11	12
Heildarstærð húsnæðis	570 m <sup>2</sup>	1200 m <sup>2</sup>
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	14	16
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2	2
Heildarfjöldi launalausra frídaga	0	0
Heildarfjöldi launaðra frídaga	0	0
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið	15	12
eða aðra formlega símenntun	32	28
Meðalfjöldi klst á kennara sem nýttir voru í símenntun	6	11
utan vinnutímaramma	3	0
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með skólann	93%	92%
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	100%	100%
Stig Grænnar greinar	1	1
Gild skólanámskrá	Já	já
Gerð sjálfsmatsskýrslu	Já	já
Frávik frá fjárhagsáætlun	0	0
Fjöldi sóttra styrkja	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á	33	48
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal	25%	21%
*nemendur forskóla, leikskóla og kórs		

## 7. 3ja ára áætlun

- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar.
- Við sameininguna er hægt að nota búnað á milli skóla bæði hljóðfæri og hugbúnað.

## Bókasafn Dalvíkurbyggðar



### 1. Leiðarljós

Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum. Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu (úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn, 1994).

Bókasafn Dalvíkurbyggðar einsetur sér að mæta þörfum sem flestra og endurskoða stöðugt hlutverk sitt með gagnrýni og umbætur að leiðarljósi.

### 2. Hlutverk

„Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslíð almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði.“ (Bókasafnalög, 2013)

Hlutverk almenningsbókasafns er að veita aðgang að þekkingu, afþreyingu og upplýsingum. Læsi er ein af undirstöðum þekkingarleitar og er það hlutverk Bókasafns Dalvíkurbyggðar að styðja við og efla læsi í byggðarlaginu hjá ungum sem öldnum. Menningarlegt hlutverk bókasafna hefur verið að breytast síðastliðin ár samfara örum tækni- og þjóðfélagsbreytingum og tekur Bókasafn Dalvíkurbyggðar virkan þátt í þeirri

þróun. Almenningsbókasöfn hjálpa til við mótun samfélagsins, styðja við sjálfsmynd þess og endurspeglja fjölbreytta flóru íbúa samfélagsins. Íbúar Dalvíkurbyggðar og aðrir gestir eiga að geta treyst því að starfsfólk safnsins leitist við að gera þeim dvölinna á safninu að jákvæðri og örvasandi upplifun í samveru jafnt sem einveru.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

Bókasafn Dalvíkurbyggðar sér til þess að nýútgefnar bækur, dagblöð og tímarit séu ætíð aðgengileg til lestrar á safninu eða til útláns. Hefðbundin verkefni safnsins snúa aðallega að viðhaldi safnkosts, útlánnum og skipulagi en farið verður ítarlega í einstaka viðburði og verkefni í næsta kafla.

- Á safninu eru þrjú fastráðnir starfsmenn í samtals 1,25 stöðugildum. Auk þess er starfsmaður í 100 % afleysingastöðu frá miðjum maí fram í miðjan september og annar í 81,2% stöðugildi í upplýsingamiðstöð frá 1. júní og út ágústmánuð.
- Nýr forstöðumaður tók til starfa 2. janúar 2017 og hefur hann sótt sér þekkingu til ýmissa einstaklinga og stofnana sem hana geta veitt. Má þar helst nefna kynningu og fræðslu hjá Amtsbókasafninu á Akureyri, Borgarbókasafninu í Reykjavík, Bókasafni Kópavogs og Bókasafni Reykjanesbæjar. Forstöðumaður hefur lagt sig fram við að setja sig í samband við kollega sína víðsvegar um landið í gegnum póstlista, facebook, símtöl og fleira, bæði til þess að styrkja tengslanetið og auka þekkingu á sínu starfssviði.
- Forstöðumaður sótti nokkur námskeið á árinu og má þar helst nefna *Grunn- og útlánanámskeið Gegnis* á vegum Landskerfa Bókasafna og námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands með yfirskriftinni: *Skjalastjórnun, rekjanleiki, verklag og ábyrgð*.
- Forstöðumaður tók þátt í tveimur vinnuhópum þar sem aðkomu bókasafnsins var óskað, annars vegar um mótun fjölmenningsstefnu og hins vegar læsisstefnu í Dalvíkurbyggð.
- Forstöðumaður og einn starfsmaður bókasafnsins sóttu ráðstefnuna Menningarlandið 2017 sem fram fór í Bergi 13. – 14. september. Þar var m. a. fjallað um barnamenningu og mikilvægi menningaruppeldis.
- Stefnt er að reglulegum starfsmannafundum. Sú hefði hefur myndast að starfsmenn komi saman á jólahlaðborði í nóvember – desember.
- Mánaðarlega brjóta starfsmenn upp hversdags-



leikann, styrkja starfsandann og létta starfsumhverfið með því að fá sér kaffibolla eða gæða sér saman á hádegisverði.

#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

Forstöðumaður hefur lagt áherslu á að útvíkka hugmyndina um bókasafn, opna rýmið fyrir nýjum möguleikum og hvetja bæjarbúa til virkrar þátttöku í ýmsum viðburðum. Ný verkefni bókasafnsins ættu að bera þess merki.

##### Leikskólaheimsóknir

- Þrír hópar frá Krílakoti heimsækja safnið vikulega á tímabilinu jan – maí og sept – des. Í hverjum hópi eru 5 - 8 börn auk leikskólakennara/starfsmanns. Mánudags- og þriðjudagsmorgnar eru helgaðir þessum heimsóknum.
- Árskógarskóli og elsta deildin á Kötlukoti heimsóttu bókasafnið snemma á árinu. Stefnt er að föstum heimsóknum þeirra, u.þ.b. tvisvar sinnum á hvorri önn.

##### Hádegisfyrirlestrar

Hádegisfyrirlestrar af margvíslegum toga eru haldnir mánaðarlega í fyrirlestrasal Menningarhússins Bergs. Hægt er að grípa með sér hádegismat frá veitingahúsinu Basalti og borða á meðan fyrirlesturinn stendur. Stefnt er að því að *Heimabyggð* verði þema á komandi misseri. Fyrirlestrar sem haldnir hafa verið það sem af er ári eru:

- „...því ég er komin heim“. Fyrirlesarar Anna Dóra Hermannsdóttir og Heiðrún Villa Ingudóttir.
- Kvikmyndasýning, spjall og spurningar– *Afi Mannsi*. Höfundur og fyrirlesari Jón Bjarki Hjálmarsson.
- *Pokastöð Dalvíkur*. Kynning á starfinu og kenningu fyrir áhugasama.
- *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals* – Árni Daniel Júlíusson. Fyrirlestur haldinn í samvinnu bóka- og héraðsskjalasafns og Sögufélags Svarfdæla.

##### Hugleiðsluhádeggi

Hugleiðsluhádeggi hófu göngu sína í febrúar og eru vikuleg stund þar sem leidd er 15 mínútna hugleiðsla frá 12:15-12:30. Tilgangurinn er að þjálfa og stilla bæði huga og einbeitingu auk þess að virkja og styrkja jákvæðar orkustöðvar. Í upphafi fóru hugleiðsluhádeggi fram í barnahorni bókasafnsins en eru nú í undirgöngunum milli bóka- og héraðsskjalasafns. Íþróttamiðstöðin hefur lánað jógdáýnur en stefnt er að því að festa kaup á eigin dýnum.





### Samverustundir

Samverustundir eru nýr verkefnaliður á bókasafninu þar sem lagt var upp með sérstaka viðburði sem henta aðallega börnum og barnafólki. Stefnan var sett á að bjóða upp á fjölbreytta samsuðu lestrar, leikja, hreyfingar og sköpunar. Samverustundirnar sem hafa verið eru eftirfarandi:

- Barna Jóga – *Auður og gamla tréð*, lesin saga ásamt hreyfingum.
- Spila og púslmarkaðurinn mikli - Skiptimarkaður þar sem hægt var að leggja inn púsl eða spil og taka annað í staðinn.
- Ævintýrastund – Ýmis ævintýri lesin en síðar gafst gestum tækifæri á að búa til sín eigin ævintýri í myndasögu.
- Hjóladagur – gestum boðið að láta yfirfara hjólið fyrir sumarið.
- „Fljúgðu hærra!“ Flugdrekasmíðja þar sem gestir gátu lært að smíða sinn eigin flugdreka úr endurnýtanlegum efniviði.
- Leikjadagur með sirkuspema. Hópleikir fyrir utan bókasafnið og ýmsar leikjastöðvar. Tæki og tól fengin að láni frá Íþróttamiðstöð Dalvíkur.
- „Fléttum saman vinabönd“ - Gestum boðið að læra ýmsar útfærslur af vina-böndum fyrir vináttukeðjuna á föstudeginum fyrir Fiskidaginn mikla.
- Úti – hugleiðsluhádeggi – Færðist inn vegna veðurs en verður endurtekið seinna.



### Samfélagsmiðlar og heimasíðan

Máttur samfélagsmiðla í nútímasamfélagi er stöðugt að aukast og er það ein af stefnum Bókasans Dalvíkurbyggðar að styrkja sig á því sviði og nýta þá sér til framdráttar.

- Allar tilkynningar og fréttir eru birtar á heimasíðu bókasafnsins. Reynt hefur verið að tryggja sterkt upplýsingaflæði út í samfélagið og gegnsæi. Í hverjum mánuði birtist ítarleg frétt þar sem mánuðurinn er dreginn saman í máli og myndum. Stefnt er á að nota heimasíðuna enn frekar til að tengja saman bókasafnið og fólkið í samfélaginu.
- Í síðustu starfsáætlun var lagt upp með að fésbókarvinir bókasafnsins verði orðnir 350 talsins í ár og hefur það tekist og gott betur. Vinir og fylgjendur fésbókarsíðu bókasafnsins eru nú rúlega 500 og enn bætist í.
- Mikil virkni hefur verið á fésbókarsíðunni og var að auki búin til Instagram myndasíða í upphafi sumars þar sem daglegt líf á safninu hefur verið fangað í mynd. Sérstaklega vinsæll liður er svo



kallaður “fössarafélsbókardagur” þar sem starfsmenn leika sér með bókakápur og líkama. Þetta hefur vakið mikla og jákvæða athygli í samfélaginu og sýnir vel hvernig hægt er að efla jákvæða ímynd stofnana í gegnum samfélagsmiðla.

### Aðstaða á safninu

- Þegar almenningsbókasöfn samtímans eru skipulögð er meiri áhersla lögð á rými, notkun og fólk en nokkru sinni áður. Í dag er gert ráð fyrir að fólk noti bygginguna og verji þar tíma til einveru jafnt sem samveru. Með það að leiðarljósi hafa verið gerðar örfáar breytingar á aðstöðu bókasafnsins. Sérstök áhersla hefur verið lögð á barnahornið þar sem risið hefur bókatjald, skuggabyggð, kósýhorn og leikföng fyrir yngstu kynslóðina.
- Við sófana hefur verið komið fyrir körfu með garni og prjónum og gestir og gangandi hvattir til að leggja sitt að mörkum við að búa til svo kallað samfélags-prjónateppi.
- Borð og stólar eru við suðurgluggann þar sem hægt er að setjast niður og púsla.
- Undirgöngin milli bóka- og héraðsskjalasafns hafa farið í gegnum mikið umbreytingarferli og eru nú einn vinsælasti áfangastaður leikskólahópanna. Loftið hefur verið þakið stjörnum sem glóa í myrkri og þykir afar spennandi að slökkva



ljósinn, leggjast niður og fara í stjörnuskoðun. Á ganginum eru nú borð og stólar ásamt bókum sem seldust ekki yfir fiskidagshelgina á *Bókamarkaðinum Mikla* og eru enn til sölu. Á ganginum hefur auk þess verið komið upp sérstakri hillu þar sem hægt er að skipta út gömlum púslum og borðspilum og taka sér önnur ný í staðinn.

### Afskrifaður bókakostur og bókamarkaður

Þegar nýr forstöðumaður hóf störf lá fyrir að fara í gegnum bókakost sem áður tilheyrði Húsabakka, tengja þau eintök sem ekki voru þegar til á bókasafninu og finna hinum annan samastað. Dalvíkurskóla var boðið að taka það sem þau vildu fyrir skólabókasafnið, leikskólinn Krílakot fékk barnabækur og einstaka aðilum var boðið að nýta bókakostinn í almanna þágu. Allar þær bækur sem



tengdust náttúru, jarðfræði og nærumhverfinu voru teknar frá og verður haldið til haga þangað til skýr niðurstaða fæst um framtíð Náttúrusetursins á Húsabakka. Bækurnar sem út af stóðu voru boðnar til sölu á bókamarkaði á föstudegi og laugardegi yfir Fiskidagshelgina.

### Sumarlestur, bókaskjóður, bókakassar og bókaverðlaun barnanna

- Eins og síðasta sumar var boðið upp á sumarlestur á bókasafninu. Sumarlestur er samvinna bókasafnsins og foreldra sem vilja hvetja börn sín til að lesa yfir sumartímann. Gerður var samningur á milli bókasafnsins og barnsins/foreldra um fjölda bóka sem lesa þarf. Í sameiningu voru svo valdar bækur sem hæfðu lestrarfærni og áhuga hvers og eins. Sumarlestur er góð leið til að viðhalda og efla lestrarfærni sem börnin hafa náð yfir veturinn og gott tækifæri til að brjóta upp þá daglegu lestrar-rútínu sem fylgir lestrarnáminu í skólanum. Allir lesendur sem standa við samninginn fá viðurkenningarskjal og að lokum er einn heppinn vinningshafi dreginn út og hlýtur smá bókaglaðning. Alls voru 32 krakkar á öllum aldri skráðir í sumarlestur 2017.
- Boðið var upp á *Bókaskjóður* sem allir áhugasamir gátu fengið að láni hjá Bókasafni Dalvíkurbyggðar. Þetta eru hálfgerðir óvissupokar sem innihalda lesbók um ákveðið efni, fræðibók um sama efni, leikfang sem tengist efninu og ýmis tilmæli sem ættu að hrista upp í lestrinum. Lesbókina ætti barnið sjálfst að geta lesið en fræðibókina er ætluð foreldrum til að lesa með barninu. Í hverri skjóðu er taulitur sem lesandinn getur notað til að teikna á pokann og þannig þjónar hann í senn hlutverki skjóðu og gestabókar.
- Í febrúarmánuði var gerð tilraun til að fara með nýlegar bækur í Árskógarskóla í svo kölluðum *Bókakassa*. Foreldrar og börn gátu fengið lánsbækur með sér heim. Þetta gafst vel og verður þróað betur á haustmánuðum.
- *Bók ársins* var valin af yngri gestum bókasafnsins í samstarfi við Dalvíkurskóla. Bækurnar *Pabbi prófessor* og *Henry og hetjurnar* voru jafnar í fyrsta sæti í Dalvíkurbyggð en á landsvísu varð bókin *Pabbi prófessor* eftir Gunnar Helgason fyrir valinu. Einn kjósandi var dreginn úr potti og fékk hann bókina *Pabbi prófessor*. Sá heppni var Ísar Hjalti Hafþórsson og voru honum veitt verðlaunin í Dalvíkurskóla.



### Pokastöðin

- Í maí varð Bókasafn Dalvíkurbyggðar þátttakandi í mikilvægu verkefni um að takmarka plastnotkun í Dalvíkurbyggð. Pokastöðin Dalvíkurbyggð/Tröllaskaga hefur sett sér það takmark að útrýma einnota plastpokum úr verslunum á Tröllaskaga. Með

Því að bjóða fjölnota taupoka að láni í helstu verslunum og þjónustustöðvum á svæðinu vonast þeir sem að þessu standa til að fólk vakni til vitundar um skaðsemi plastnotkunar og dragi úr notkun á plasti. Pokastöðin Tröllaskaga er hluti af stærra samfélagi sem er stýrt frá Pokastöðinni á Höfn í Hornafirði en er auk þess í samstarfi við alþjóðlega verkefnið *Boomerang bags*. Pokastöðin er rekin í sjálfböðavinnu en styrkt af Rauða krossinum að því leyti að fólk býðst að fá þar endurgjaldslaust efni til að sauma poka. Ein af hugsjónum starfsmanna bókasafnsins er að stuðla að samnýtingu í samfélaginu, fjölnýta hluti og sporna gegn sóun og notkun á plasti.



### Sýningarskápur

Í gegnum tíðina hafa verið fjölbreyttar sýningar í sýningarskáp safnsins og í ár var engin breyting þar á. Sýningar frá áramótum:

- *Þorrapema* – textar og bækur sem tengjast þorranum auk nokkurra gamalla muna sem notaðir voru við matargerð fyrir á árum.
- *Hækkandi sól* – söngtextar, bækur og fallegar sumarmyndir.
- *Þjóðhátíðardagur Íslendinga* – Ljósmyndir sem varðveittar eru á Héraðsskjalasafni Svarfdæla og fanga 17. júní hátíðarhöld á Dalvík, þjóðlög, íslenski fáninn, bækur um þjóðhátíðardaginn og hátíðir almennt.
- *Fiskidagurinn mikli* – Yfir Fiskidagshelgina voru til sýnis ýmsir hlutir frá fyrri Fiskidögum sem varðveittir eru á Héraðsskjalasafni Svarfdæla. Ljósmyndir frá fyrri hátíðum voru til sýnis á upplýsingaskjá framan við bókasafnið.
- *Göngur og réttir* – Ljósmyndir af Héraðsskjalasafni Svarfdæla, bækur og söngtextar.

### Snorraverkefni og starfsþjálfun

Snorraverkefnið er félagsstarf fyrir ungt fólk af íslenskum uppruna í N-Ameríku sem vill kynnast Íslandi og menningu þess. Bókasafn Dalvíkurbyggðar tók á móti kanadísku stúlkunni Caitlin Leila Oleson frá Ottawa og naut þess að hafa hana í starfskynningu í tvær vikur. Caitlin aðstoðaði við leikjadag og ýmis störf á bókasafninu en aðallega sá hún um að þýða upplýsingar fyrir ferðamenn yfir á frönsku og veita almennar upplýsingar í upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

### Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Upplýsingamiðstöð ferðamanna færðist alfarið yfir á svið Bókasafns Dalvíkurbyggðar á þessu ári. Einn starfsmaður var í 81,2% starfshlutfalli frá júní til enda ágúst. Hann sá alfarið um upplýsingagjöf til ferðamanna, samband við ferðapjónustuaðila og um Fésbókarsíðu upplýsingamiðstöðvarinnar. Starfsmaðurinn sá um að yfirfara allar

upplýsingar sem liggja fyrir um þjónustu og möguleika í nærumhverfinu og taka saman hvað mætti betur fara á næsta ári.

### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

Eins og áður hefur komið fram hefur Bókasafn Dalvíkurbyggðar verið í góðri samvinnu við bæði leik og grunnskóla Dalvíkurbyggðar og stefnir að því að styrkja þau sambönd enn frekar. Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar hefur reynst bókasafninu vel á árinu og hefur m.a. lánað búnað og fleira á Leikjadegi og fyrir Hugleiðsluhádeginn.

## 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

Stefnt er að því að þróa áfram og festa í sessi þær nýjungar sem hafa litið dagsins ljós á s.l. ári og halda áfram að prófa nýja viðburði og stuðla að öflugu menningar- og listalífi í Dalvíkurbyggð.

- Næsta sumar er stefnan að bjóða upp á námskeið fyrir 7 - 12 ára krakka, tvisvar í viku – tvo tíma í senn í alls fimm vikur. Forstöðumaður, ásamt sumarstarfsmanni bókasafnsins, munu sjá um og skipuleggja námskeiðið. Meginmarkmið þess er að efla staðar- og byggðarvitund yngri kynslóðarinnar, efla þekkingu á sameiginlegum menningararfi og fræða um blómlegt umhverfi okkar og náttúruauðindir sem fyrirfinnast í Dalvíkurbyggð.
- Sjálfsafgreiðsluvél sem safnið fékk að gjöf frá Amtsbókasafninu á Akureyri sett upp og komið í gagnið.
- Bjóða áfram upp á nýjungar á samfélagsmiðlum og halda góðu upplýsingaflæði út í samfélagið í gegnum heimasíðu, fésbókarsíðu og Instagram reikning. Halda áfram að byggja upp heimasíðu safnsins og gera hana upplýsandi og aðgengilega.
- Gera rými bókasafnsins enn aðgengilegra fyrir einstaklinga og hópa með það að leiðarljósi að sem flestir geti nýtt sér bókasafnið til að hittast, sækja viðburði og sinna sköpun.
- Nýta sýningarskáp safnsins til að kynna listamenn af svæðinu, m.a. með því að bjóða einstaklingum sem vinna að sköpun (handverki, myndlist, ljósmyndun o.fl.) að sýna afrakstur verka sinna þar. Bjóða leik- og grunnskólunum að nýta sýningarskápinn til að sýna íbúum Dalvíkurbyggðar fjölbreytta listsköpun nemenda.
- Halda áfram með hádegisfyrirlestra í Bergi með áherslu á *Heimabyggðina*. Sjónum verður beint að einstaklingum úr byggðarlaginu, félagsstarfi, tómstundum eða íþróttum þar sem íbúar fá tækifæri til að fræðast meira um fólk og starf í þeirra heimabyggð. Sótt verður í kynningar,



fræðslu og efni sem tengist nærumhverfinu, fólki sem býr á svæðinu eða hefur tengingu við Dalvíkurbyggð.

- Fá nemendur 10 bekkjar í formlega heimsókn á bókasafnið þar sem þeim verður veitt bókasafnskort fyrir almenna lánþega.
- Þróa áfram *Bókakassana* í samstarfi við Árskógarskóla.
- Þjóða upp á aukna afþreyingu fyrir yngri kynslóðina, t.d. í formi hljóð og myndforrita á spjaldtölvum. Skoða möguleikana á því að nýta sér smáforrit til kennslu, fræðslu, sköpunar og miðlunar.
- Leita leiða til að auka við hljóðbókakost safnsins.
- Koma á fót samstarfi við Dalbæ, dvalarheimili aldraða, t.d. í gegnum sameiginlegt þrjónaverkefni bókasafnsins og Dalbæjar sem og leshring.
- Endurskipuleggja rými bókasafnsins með því að opna það og gera safnkostinn aðgengilegri með breyttum áherslum og stuðla þannig að því að fólk kjósi að verja tíma á safninu.
- Stefnt er að því að verða hluti af Rafbókasafninu og kynna betur lesbrettin sem þegar eru aðgengileg á Bókasafni Dalvíkurbyggðar.
- Standa fyrir kvikmyndasýningum með alþjóðlegum brag. Tekið verður sértaklega mið af þeim tungumálum sem töluð eru í Dalvíkurbyggð.
- Skipulögð jóladagskrá á safninu, m.a. með upplestri, heimsóknum frá jólasveinum, tónlist o.fl.
- Stuðlað að því að Bókasafn Dalvíkurbyggðar verði miðstöð fjölmenningar í Dalvíkurbyggð.
- Stefnt að því að starfsmenn sækji sem flest námskeið sem geta göfgað þá í starfi og þeir leggi sig ætíð fram við að fylgjast með því nýjasta í faginu hverju sinni.

### Upplýsingamiðstöð ferðamanna

- Yfirfara starfshlutfall, vinnutíma og verklýsingu starfsmanns í upplýsingamiðstöð. Mikilvægt að undirbúa starfið vel, svo vinnutími starfsmanns á vettvangi nýtist sem best. Sá sem gegnir starfinu þarf að geta tileinkað sér fjölbreytt verklag.
- Stefnt er að vikulegum 40 - 60 mínútna ferðum frá Upplýsingamiðstöðinni næsta sumar. Farið verður um helstu staði bæjarins og innsýn veitt í sögu húsa og aðra einstaka staði. Með þessu er verið að anna ákveðinni eftirspurn og dýpka starfsemina enn frekar.
- Vinna þarf að heildrænni sýn í ferðamálum í Dalvíkurbyggð þar sem hlutverk upplýsingamiðstöðvarinnar er sérstaklega skoðað, hvernig og hvað megi bæta þar. Auk þess sem mikilvægt að framleiða meira efni um þjónustu og möguleika sem eru til staðar í Dalvíkurbyggð.

- Skoða hvort grundvöllur sé fyrir sölu á minjagripum úr nærumhverfinu.
- Skoða samstarf við aðrar stofnanir Dalvíkurbyggðar og umsjónaraðila, s.s. tjaldsvæðin á Dalvík, Húsabakka og Hauganesi.
- Í upphafi næsta sumars er stefnt á að heimsækja alla ferðapjónustaaðila á svæðinu, kynna okkur og kynnast starfseminni. Þetta teljum við nauðsynlegt til að efla samstarf milli starfandi ferðapjónustuaðila og upplýsingamiðstöðvarinnar. Í framhaldi af því er stefnt á að fara í kynnisferð í Fjallabyggð, skoða starfið sem þar er unnið og hvernig megi styrkja samstarf sveitarfélaganna.

### **Verkefni sem byrjað var á 2017 sem mögulega halda áfram inn á árið**

Flest öll verkefnin sem hafa verið talin upp hér að framan munu halda áfram inn í árið 2018. Upplýsingamiðstöð ferðamanna verður þó lokuð frá 1. september fram í miðjan maí á næsta ári.

- Leikskólaheimsóknir verða reglulegur viðburður á mánudögum og þriðjudögum.
- Stefnt að því að festa ákveðna heimsóknartíma frá Dalvíkurskóla og Árskógarskóla.
- Hugleiðsluhádeginn verður á sínum stað á fimmtudögum frá 12:15 - 12:30.
- Hádegisfyrirlestrar verða einu sinni í mánuði.
- Bókamarkaður verður áfram í undirgöngum milli bóka- og héraðsskjalasafns. Púsl og spila-skiptihilla verður staðsett á sama stað.
- Samverustundir verða a.m.k. einu sinni í mánuði.
- Nýjar sýningar verða settar upp í sýningarskáp og á upplýsingaskjá í eigu Bergs sem staðsettur er fyrir framan bókasafnið.

### **Greinagerð um breytingar og nýmæli**

- Þar sem safnið á ekki spjaldtölvu er stefnt að kaupum á einni slíkri og hugsanlega einhverjum smáforritum. Þetta verður nýtt til ýmissa hluta, t.d. afþreyingar fyrir krakka með áherslu á hljóð, mynd og sköpun. Til eru fjöldamörg smáforrit sem bókasöfn hafa nýtt sér og er stefnan er að kynna sér möguleika þeirra.
- Skoða þarf sérstaklega starfsmannamál, starfshlutfall og fleira sem snýr að Upplýsingamiðstöð ferðamanna og hvernig best megi nýta þann starfskraft næsta sumar.
- Gera þarf ráð fyrir örlitlum kostnaði við kynnisferðir fyrir starfsmenn bókasafns og upplýsingamiðstöðvar ferðamanna til ferðapjónustaaðila í Dalvíkurbyggð og nærumhverfi og vegna kynningarefnis fyrir upplýsingamiðstöðina.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3
Stöðugildi	1.25	1,25	1,25	1,25
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4	>5	6	>6
Heildarstærð húsnæðis fm	294fm	294fm	294fm	293fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	3	3
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2	2	2	2
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	100%	100%	75%	75%
Frávik frá fjárhagsáætlun	99,6%%	99,8%	64,9%	66,7%
Fjöldi umsókna um styrki	2	2	1	0
Fjöldi fenginna styrkja	1	0	0	0
Fjöldi útlána á bókasafni	18266	17178	9918	8400
Fjöldi virkra lánþega	586	768	742	707
Fjöldi opnunardaga á safni	288	286	170	202
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	91	152	109	15
Fjöldi tengdra titla umfram grisjun	823	820	- 179	-277
Fjöldi keyptra titla	561	817	330	237
Fjöldi skráðra bóka/muna	29276	30096	29917	29.991
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	32	34	17	41
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	3	5	4	4
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	6	8	5	5

\* m.v. 1. sept 2017

## 7. 3ja ára áætlun

- Engar stórar kostnaðarbreytingar ættu að verða næstu þrjú árin fyrir utan það sem fylgir Upplýsingamiðstöð ferðamanna sem nú tilheyrir Bókasafni Dalvíkurbyggðar.
- Eins og áður sagði er stefnan að bjóða upp á námskeið á fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára. Enginn aukakosnaður ætti að fylgja því en starfið þarf að skipuleggja vel og verður það áframhaldandi verkefni næstu ára.
- Mikilvægt er að endurskipuleggja rýmið og gera bókakost aðgengilegri og leitast jafnframt við að opna rýmið fyrir fleiri möguleikum.
- Innleiða rafbókasafn á Bókasafn Dalvíkurbyggðar.





## Héraðsskjalasafn Svarfdæla

### 1. Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Svarfdæla varðveitir hluta af menningu þeirra sem búa í byggðarlaginu. Þar er arfur fyrri kynslóða geymdur og fær þá meðferð sem við á.

### 2. Hlutverk

Héraðsskjalasafnið annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhendingaskyldum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum í Dalvíkurbyggð skv. lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Jafnframt fer fram söfnun skjala einstaklinga og félagasamtaka auk ljósmynda, hljóð- og myndrita, sem varða sögu sveitafélagsins eða íbúa þess á einhvern hátt.

Eitt af hlutverkum Héraðsskjalasafns Svarfdæla er að hafa umsjón með og stýra lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi stjórnarsýslu og stjórnvalda. Héraðsskjalasafn ber ábyrgð á því að aðgengi að safnkostinum, með viðhlýtandi takmörkunum vegna trúnaðar og persónuverndar, sé ætíð tryggt. Meginverkefni safnsins er þó fyrst og fremst að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum sem varpa ljósi á sögu og menningu Dalvíkurbyggðar (úr reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð).

### 3. Helstu verkefni og innra starf

- Taka á móti gögnum, skrá þau í forritið Filemaker og varðveita á viðeigandi hátt.
- Skráning ljósmynda í forritið Fotostation.
- Skönnun og miðlun ljósmynda.
- Svára fyrirspurnum í gegnum tölvupóst og símtöl.
- Halda skrá yfir gesti og fyrirspurnir þar sem allar upplýsingar eru skráðar.
- Þjónusta viðskiptavini hvort heldur sem er við almenna upplýsingaleit eða efni úr safnkosti.
- Hafa fasta opnunartíma og bjóða upp á aðstoð og aðstöðu á lesstofu.
- Móttaka hópa, leiðsögn og fræðsla.
- Umsjón með ljósmyndahópi sem hittist vikulega á Héraðsskjalasafninu.



- Á Héraðsskjalasafni eru tveir fastráðnir starfsmenn í samtals 75% stöðuhlutfalli; héraðsskjalavörður í 50% og annar starfsmaður í 25% starfshlutfalli. Auk fastráðinna starfsmanna hefur Sigurlaug Stefánsdóttir verið í hlutavinnu með umsjón yfir ljósmyndasafni, skönnun, skráningu og með því helsta er við kemur ljósmyndum.
- Héraðsskjalavörður hefur sótt námskeið og ráðstefnur í tengslum við starfið og má þar helst nefna:
  - Námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands: *Skjalastjórnun, rekjanleiki, verklag og ábyrgð*.
  - Starfskynning, fræðsla og verknám á Þjóðskjalasafni Íslands.
  - Vorfundur Héraðsskjalavarða á Þjóðskjalasafni Íslands.
  - Starfskynningar á Héraðsskjalasafni Akureyrar, Borgarskjalasafni og Héraðsskjalasafni Kópavogs.
- Forstöðumaður sat fjarfund á vegum Þjóðskjalasafns Íslands til kynningar á drögum að nýrri reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna á Íslandi. Í framhaldi af því tók hann þátt í opnum símafundi á vegum Félags Héraðsskjalavarða þar sem áður nefnd drög voru krufin til mergjar og hvernig áhrif þau hefðu á núverandi starfsemi héraðsskjalasafna á landinu. Að umræðuferlinu loknu sendi héraðsskjalavörður frá sér formlega umsögn sem lögð var fyrir Menningarráð Dalvíkurbyggðar áður en hún var send til Þjóðskjalasafns Íslands, undirrituð af héraðsskjalaverði og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.
- Héraðsskjalavörður hélt erindi á *Svarfdælskum marsi* um mikilvægi héraðsskjalasafna fyrir byggðarlög.
- Héraðsskjalasafn Svarfdæla fékk formlegt boð í 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Þjóðskjalavörður, forseti Íslands og menntamálaráðherra ávörpuðu samkomuna og þáði héraðsskjalavörður boðið.
- Á haustdögum sat héraðsskjalavörður Vestnorræna skjaladaga á Þjóðskjalasafni Íslands. Ráðstefnan stóð í þrjá daga með fjölbreyttum erindum frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Megináherslan var lögð á rafræna framtíð, bæði er varðar varðveislu og miðlun.



#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Markviss skráning, skönnun og frágangur ljósmynda. Mikið magn ljósmynda liggur enn óskráð á Héraðsskjalasafni Svarfdæla og er því afar brýnt að taka verkefnið föstum tökum.

- Á Héraðsskjalasafni Svarfdæla er starfræktur félagsskapur sem hittist vikulega ásamt héraðsskjalaverði og fer yfir ómerktar eða óþekktar ljósmyndir. Héraðsskjalavörður velur hvaða myndir er farið yfir hverju sinni. Misjafnt er hvort tekið er fyrir sérstakt þema eða einstaka afhendingar yfirfarnar.



- Fyrir Þorablót Svarfdæla 2017 var útbúin ljósmyndasýning. Ljósmyndirnar, sem sýndu aðallega fólk við leik og störf í Svarfaðardal og Skíðadal, gengu í hringi í skyggnusýningu á stórum skjá.
- Í lok maí hélt Árni Daníel Júlíusson fyrirlestur sem byggði á nýútkominni bók hans: *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*. Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi Héraðsskjalasafns Svarfdæla, Bókasafns Dalvíkurbyggðar og Sögufélags Svarfdæla.
- Héraðsskjalasafnið fékk nokkrar stórar afhendingar á árinu og liggur nú fyrir að ganga frá þeim með viðeigandi hætti. Má þar helst nefna ljósmyndasafn Guðmundar Inga Jónatansonar sem samanstendur af tæplega 10 yfirfullum pappakössum af óflokkuðum og óskráðum ljósmyndum frá starfstíð hans á Fjölrita og Bæjarpóstinum. Þórarinn Eldjárn færði safninu skjöl og ljósmyndir úr fórum föður hans, Kristjáns Eldjárn, er varða Svarfaðardal og nærumhverfið. Í afhendingunni voru teikningar af bæjum í Svarfaðardal, sendibréf sem fóru milli Kristjáns og Jóhanns Svarfdælings, ljósmyndir frá foreldrum Kristjáns og margt fleira.
- Héraðsskjalasafn Svarfdæla fékk styrk frá Menningarráði Dalvíkurbyggðar til að setja upp sýningu með völdum ljósmyndum úr safni Ragnheiðar Sigvaldadóttur og Júlíusar Kristjánssonar sem þau afhentu safninu á síðast ári. Á haustmánuðum verður myndasafnið yfirfarið, myndir valdar til stækkunar, farið yfir skipulagningu og fleira. Við vonumst til þess að koma sýningunni upp fyrir lok yfirstandandi árs.
- Talsverð undirbúningsvinna hefur átt sér stað er varðar heimasíðu Héraðsskjalasafns Svarfdæla og enn er margt óunnið. Stefnt er að áframhaldandi vinnu við heimasíðuna á næstu mánuðum.



- Stefnt er að opnum degi á héraðsskjalasafninu í október - nóvember þar sem fólk getur kynnt sér safnkostinn, þjónustuna sem er í boði og skoðað aðstöðuna á safninu.

Á sama tíma er stefnt að því að kynna nýja heimasíðu og að fá einn til tvo einstaklinga til að segja stuttlega frá því hvernig þeir hafa nýtt sér Héraðsskjalasafn Svarfdæla í upplýsingaleit og fræðastarfi. Þetta hugsum við sem veigamikinn þátt í því að kynna mikilvægi og möguleika héraðsskjalasafnsins og auglýsa það sem vettvang og vinnuaðstöðu fyrir fræðimenn og aðra sem vinna með söguna. Hér gefst auk þess tækifæri til að hvetja íbúa til að afhenda gögn sem snerta sögu sveitarfélagsins. Mikilvægast er að varðveita og safna gömlum fundargerðabókum og ljósmyndum t.d. úr félagsstarfi en einnig getur verið mikilvægt að fá inn einkasöfn svo sem sendibréf og dagbækur.

## 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Bæta við 25% stöðuhlutfalli á Héraðsskjalasafni Svarfdæla svo heilt stöðugildi verði á safninu. Þá fengist aukinn fjárstuðningur frá Þjóðskjalasafni Íslands og hæg tyrði að hrinda í framkvæmd mörgum mikilvægum verkefnum sem hingað til hafa setið á hakanum. Þetta er gríðarlega mikilvægt skref í áttina að því að uppfylla allt það sem lög og reglur krefjast af öllum héraðsskjalasöfnum og þeirra héraðsskjalavörðum.
- Sinna eftirlitshlutverki héraðsskjalavarðar betur en gert hefur verið til þessa, þ.e. huga betur að umsjón og stjórnun á lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi stofnana Dalvíkurbyggðar.
- Halda áfram með farsælt starf ljósmyndahópsins. Stefna að sýningu á afrakstri hópsins einu sinni til tvisvar á ári.
- Halda áfram með uppbyggingu heimasíðu Héraðsskjalasafns Svarfdæla og virkja betur samfélagsmiðla. Skoða þarf sérstaklega umfang og kostnað sem fylgir því að miðla safnkosti með rafrænum hætti, t.d. einkaskjölum, ljósmyndasafni og listaverkasafni.
- Hafa aðfangaskrá aðgengilega á heimasíðuni svo allir geti skoðað yfirlit yfir safnkostinn með einföldum og aðgengilegum hætti.
- Leggja drög að undirbúningsferli rafrænnar skjalavörslu.
- Halda áfram að skrá einkaskjalasöfn á vefinn einkaskjalasafn.is
- *Heimild mánaðarins* – Hugmyndin kemur frá bæði Héraðsskjalasafni Akureyrar og Þjóðskjalasafni Íslands en þau birta kynningu á völdum safnkosti einu sinni í mánuði, segja aðeins frá honum, birta mynd og stutta greiningu. Þetta er gert til að gefa betri hugmynd af því hvað er varðveitt á skjalasöfnum. Stefnt er að samskonar kynningarstarfi á Héraðsskjalasafni Svarfdæla og rætt hefur verið við ritstjóra Norðurslóðar um hugsanlegt samstarf. Heimild mánaðarins verður því að öllum líkindum birt á heimasíðu skjalasafnsins ásamt því að fá birtingu í Norðurslóð.
- Endurvekja vísnavefinn Harald og fá áhugafólk með í starfið.

- Undirbúa vinnu við að mynda gömul skjöl í eigu safnsins og taka þátt í átaki Þjóðskjalasafnsins vegna þess. Rætt hefur verið við Héraðsskjalasafnið á Akureyri um hugsanleg afnot af tækjum í þeirra eigu þar sem Héraðsskjalasafn Svarfdæla býr ekki yfir viðeigandi tækjakosti. Stefnt er að því að sækja um alla styrki á vegum Þjóðskjalasafns sem eru eyrnamerkir þessu efni.
- Gera listaverkasafnið sýnilegra og kynna fyrirtækjum og stofnunum hvernig hægt sé að nýta sér það.
- Styrkja samstarf við stofnanir og félög í byggðarlaginu eins og t.d. Byggðarsafnið Hvol, Dalbæ og Sögufélag Svarfdæla.

### Greinagerð um breytingar og nýmæli

- Í dag telur fast stöðugildi á Héraðsskjalasafni Svarfdæla aðeins 75%. Miðað við fjölda starfsmanna og fáar vinnustundir sem fylgja 75% stöðuhlutfalli er ómögulegt að sinna öllum þeim verkefnum sem héraðsskjalasöfn eiga að sinna samkvæmt lögum og reglum auk annarra verkefna sem safnast upp samhliða. Til þess að héraðsskjalavörður geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu er nauðsynlegt að auka starfshlutfallið að minnsta kosti um 25%. Þetta er ekki mikil aukning en gríðarlega mikið gæti áunnist með henni. Öll héraðsskjalasöfn á Íslandi njóta fjárveitinga frá Þjóðskjalasafni Íslands. Rekstrarframlag til héraðsskjalasafna skiptist þannig að helmingur framlagsins skiptist jafnt á öll 20 söfnin en hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Eins og er fáum við því aðeins hluta að þeim fjárveitingum sem koma frá Þjóðskjalasafni þar sem við fyllum ekki heilt stöðugildi. Samhliða auknu stöðuhlutfalli, með tilheyrandi kostnaði, kæmi því aukin fjárveiting frá Þjóðskjalasafni Íslands. Þegar allt er tekið til greina yrði kosnaðurinn við aukningu stöðugildis alls ekki svo mikill.
- Mikilvægt er að skoða hagkvæmar leiðir til að miðla skráðum ljósmyndum á internetinu. Héraðsskjalasöfn hafa valið að fara mismunandi leiðir í miðlun ljósmynda og áður en lengra er haldið er mikilvægt að skoða hvaða miðlunaraðferð er aðgengileg, hagkvæm og hentug fyrir ljósmyndasafnið okkar.
- Heimasíða Héraðsskjalasafns Svarfdæla hefur verið óvirk fram að þessu en mikil vinna á sér nú stað við uppbyggingu hennar. Ljóst er að héraðsskjalavörður getur ekki framkvæmt allar breytingar sjálfur og mun þurfa á utanaðkomandi sérfræðiaðstoð að halda. Sú aðstoð gæti verið kostnaðarsöm og því mikilvægt að reikna með auknum fjármunum í heimasíðugerð á næsta ári

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Starfsmannafjöldi	2	3	3	2
Stöðugildi	0,75	1,05	0,75	0,75
Meðalstarfsaldur á starfsstað	1,5	2	4	3
Heildarstærð húsnæðis fm	150m <sup>2</sup>	150 m <sup>2</sup>	150 m <sup>2</sup>	150 m <sup>2</sup>
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	3	3	3
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfspróunarsamtal	100%	50%	50%	50%
Frávik frá fjárhagsáætlun	130,9%	116,8%	67,3%	54,7%
Fjöldi umsókna um styrki	2	4	1	2
Fjöldi fenginna styrkja	1	2	0	1
Fjöldi opnunardaga á safni	156	103	87	89
Fjöldi afhendinga á árinu	43	67	57	52
Fjöldi beiðna um aðstoð/lán frá safni	42	64	41	62
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	7	9	4	6
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn og stofnanir	3	3	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	4	4	3	3

## 7. 3ja ára áætlun.

- Að gera ljósmyndasafnið aðgengilegt á internetinu þarf að vera forgangsverkefni næstu ára. Vefútgáfan sem styður núverandi skráningarkerfi, Fotostation, er mjög dýrt í notkun og því mikilvægt að skoða aðra möguleika. Hugsanlega er hagkvæmast að snúa sér alfarið að öðru skráningarkerfi eða finna annað vefkerfi sem getur unnið með Fotostation. Mikilvægt er að fólk geti nálgast skráðar ljósmyndir með einföldum hætti, leitað eftir efnisorðum og komið með ábendingar.
- Ljósmynda gömul skjöl og gera þau aðgengileg almenningi á heimasíðu Héraðsskjala-safns Svarfdæla.
- Skrá hljóðupptökusafnið með markvissari hætti og gera það og myndbandasafnið aðgengilegt til notkunar á Héraðsskjalasafni Svarfdæla.
- Undirbúa rafræna vörslu með tilheyrandi móttökustöð og tölvubúnaði.
- Nýta samfélagsmiðla með markvissum hætti til kynningar á safnkosti, aðstöðu, möguleikum og tækifærum sem felast í Héraðsskjalasafni Svarfdæla.

## Listaverkasafn Dalvíkurbyggðar

Engin skipulögð starfsemi hefur verið á Listaverkasafni Dalvíkurbyggðar á þessu ári og ekki gert ráð fyrir skipulögðu starfi fram að áramótum. Hvorki var gert ráð fyrir kaupum né viðhaldi á verkum á árinu 2017.

Langstærsti hluti listaverkasafnsins samanstendur af verkum frá Jóni Stefáni *Brimari* Sigurjónssyni en hann hefði orðið 90 ára á næsta ári. Að því tilefni hefur frændi hans, Ragnar Þ. Þóroddsson ásamt fleirum, skráð og ljósmyndað öll verk Brimars sem vitað er um. Ragnar, ásamt Jóni Baldvini bróður sínum, heimsóttu listaverkasafnið og fengu að ljósmynda verk í eigu Dalvíkurbyggðar og skrá upplýsingar um þau. Afrakstur vinnu þeirra má sjá á heimasíðunni [brimar.is](http://brimar.is).

### 3. Helstu verkefni 2017

Í ágúst 2017 hélt Guðlaugur Arason (GARASON) myndlistarsýningu í Menningarhúsinu Bergi. Myndverkin kallar hann Álfabækur. Eitt af verkum hans heitir 2,34 og er gert til heiðurs Jóhanni Svarfdælingi. Forstöðumaður Listaverkasafns Dalvíkurbyggðar leggur til að verkið verði keypt og haft til sýningar á áberandi stað í Bókasafni Dalvíkurbyggðar.

### 4. Helstu verkefni 2018

Á næsta ári er stefnt á mikla afmælishátíð í tilefni 90 ára afmælis Jóns Stefáns Brimars Sigurjónssonar og mun Héraðsskjalasafn Svarfdæla og Listaverkasafn Dalvíkurbyggðar taka þátt í þeim hátíðarhöldum með einum eða öðrum hætti og leggja til þá aðstoð sem þau geta.

### 7. 3ja ára áætlun.

- Skrá listaverkasafn Dalvíkurbyggðar og gera það aðgengilegt í rafrænni miðlun.

## Byggðasafnið Hvoll

### 1. Leiðarljós

#### Söfnun – skráning – varðveisla – rannsóknir – miðlun

Safnið varðveitir og rannsakar menningararf byggðarlagsins og kynnir fyrir gestum safnsins sögu og menningarverðmæti sveitarfélagsins.

### 2. Hlutverk

Byggðasafnið sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra byggðasafna samkvæmt safnalögum nr. 10/2011 og siðareglum safna sem ICOM, alþjóðaráð safna gefur út. Einnig er unnið samkvæmt *Menningarstefnu Dalvíkurbyggðar* sem var samþykkt 8. maí 2007 en endurskoðuð í mars 2011 svo og söfnunarstefnu safnsins sem var samþykkt árið 2009 og endurskoðuð árið 2016. Jafnframt skal safnið framfylgja stofnskrá sinni. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

Vegna niðurskurðar á almennum og sértækum styrkveitingum, sem safnið hefur sótt í til ýmissa verkefna, verður ekki unnið að stærri verkefnum nema til komi sérstök styrkveiting. Almennri safnavinnu verður haldið áfram og allt gert til að safnið nái að halda sínu hlutverki í samfélaginu. Reynt verður að fá styrki til þýðinga á textum þeirra sýninga sem eru í safninu hverju sinni.

### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017)

- Lokið var við gerð húsakönnunar og yfirlitskorts af byggðarþróun í Dalvíkurbyggð
- Skráning á safnmunum í gagnagrunninn *Sarp*.
- Ný heimasíða safnsins tekin í notkun.
- Eins og undanfarin ár var safnið markaðssett á allan mögulegan máta, þar sem samfélagsmiðlar voru sérstaklega nýttir.
- Haldið var áfram samvinnu við sem flestar stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar, s.s. grunn- og leikskóla og önnur söfn í landinu.
- Forstöðumaður safnsins sótti *Farskóla safnmanna* haustið 2017.
- Tiltekt í geymslum.
- Þátttaka í stefnumótun safna við Eyjafjörð og samvinnu þeirra á milli.
- Skoðaðir voru möguleikar á að flytja safnkostinn í stærra húsnæði. Biðstaða er í málinu.



#### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Heimsóknir leik- og grunnskólabarna á safnið.
- Skoðuð verður samvinna við Bóka- og héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar
- Eftir atvikum fagsvið sveitarfélagsins.

#### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Þýðingar á textum sýninga ef styrkir fást í það.
- Haldið verður áfram að setja upp litlar sýningar á munum safnsins, bæði í menningarhúsinu Bergi og kössum í Ráðhúsi. Ein sýning á hvorum stað.
- Endurskipulagning á sýningum safnskots í Hvoli.
- Áfram skoðað með flutning í stærra húsnæði.

#### Verkefni sem byrjað var á 2017 og mögulega halda áfram inn á árið 2018:

- Tiltækt í geymslu safnmuna.
- Skoðað hvort og þá með hvaða hætti hægt er að koma yfirlitskortum af byggðarþróun Dalvíkurbyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2018

- Heimasíða safnsins verður í stöðugri endurskoðun.

#### Húsnæðismál

- Áfram verður til skoðunar hvort til greina kemur að flytja safnið í aðgengilegra og stærra húsnæði en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.

#### Starfsmannamál

- Óbreytt fyrirkomulag verður á grunnstöðugildum árið 2018 en komi til styrkveitingar vegna nýrra verkefna gæti stöðugildum fjölgað tímabundið.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Starfsmannafjöldi	4	3	3	3
Stöðugildi	1,2	1,2	1,2	0,75
Meðalstarfsaldur á starfsstað	7	7	7	15
Heildarstærð húsnæðis m <sup>2</sup>	300,1	300,1	300,1	300,1
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	2	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	12,5	1	1	84
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	50%	50%	50%	0%
Frávik frá fjárhagsáætlun	107,7%	104,6%	104,2%	105,2%
Fjöldi umsókna um styrki	3	5	3	0
Fjöldi fenginna styrkja	3	4	2	0
Fjöldi heimsókna á safnið	3.000	2.900	3.800	1.387
Fjöldi opnunardaga á safni	130	130	130	114
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	140	100	10	1
Fjöldi skráðra bóka/muna	5000	5000	5000	5000
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	5	9	8	0
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	6	5	3	0
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	3	3	3	3

\*m.v.1. sept. 2017

## 7. 3ja ára áætlun

### Forsendur

Verkefni safnsins velta á því hvort inn koma styrkir.

- Áætlað er að breyta miðhæð safnsins árið 2018. Gerð verður ný sýning í stóra rýminu. Þema þeirrar sýningar hefur ekki verið ákveðið.
- Á áætlun er að byggðaþróunarkort af Dalvík verði gefið út á rafrænu formi.
- Útgáfa á litlu kveri með byggðasögulegum fróðleik.

## Víkurröst/Barna- og unglingastarf - félagsmiðstöð



### 1. Leiðarljós

Víkurröst frístundahús hefur það að leiðarljósi að standa fyrir faglegu starfi sem unnið er á vettvangi frítímans jafnframt því að veita samfellda þjónustu í góðri samvinnu við alla sem að henni koma.

Leiðarljós eru:

- Að lýðræði og jafnrétti séu ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu.
- Að vera staður þar sem börnum og unglingum gefst tækifæri til að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni.
- Að taka skýra afstöðu gegn allri neikvæðri hegðun svo sem fordómum og neyslu vímuefna.
- Að vera staður þar sem íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri býðst að nýta sér aðstöðu með verkefnum sem hafa jákvæð áhrif og efla félagsauð.

### 2. Hlutverk

Víkurröst er frístundahús á vegum Dalvíkurbyggðar. Hlutverk Víkurrastar er að vera alhliða frístundahús fyrir alla. Aðalmarkhópur frístundahússins er hins vegar ungt fólk á aldrinum 6 – 20 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglingum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti, samskiptafærni, gagnrýnin og skapandi hugsun.

Lýðræði er hugmyndafræði sem endurspeglar margt í fagstarfinu og tryggir áhrif barna og ungmenna á starfið. Jafnframt er mikilvægt að börn og ungmenni læri með skipulögðum hætti að velja sér viðfangsefni. Með því styrkjum við lýðræðisvitund og meðvitund um að allar okkar ákvarðanir hafa áhrif. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

- Starfsmenn í hlutastarfi fá sína þjálfun að mestu í gegnum handleiðslu íprótta- og æskulýðsfulltrúa.
- Samráðsfundir starfsmanna og íprótta- og æskulýðsfulltrúa eru haldnir hálfsmánaðarlega.
- Allt starfsfólk mun temja sér áherslur *Uppbyggingarstefnunnar* og hugsanlega sækja námskeið um slíkt. Uppbyggingarstefnan skal rædd a.m.k. tvisvar á ári á vinnufundum starfsmanna.
- Víkurröst tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipuleggja viðburði og námskeið sem taka mið af áherslupætti hvers árs.

### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs og áfram 2018

- Haldið áfram að vinna náið með náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla ásamt deildarstjóra unglíngastígs.
- Klúbbastarfi unglínginga var haldið áfram og þarf að finna leiðir til að festa það betur í sessi komandi vetur.
- Vinnufundur starfsmanna og íprótta- og æskulýðsfulltrúa hafa verið festir í sessi með það að markmiði að efla faglegt starf. Sú vinna var mjög þörf og mun halda áfram.
- Sóttir voru fastir viðburðir á vegum Samfés, s.s. Samfestingur, Stíll, söngkeppni og landsmót. Það verður gert áfram næsta starfsár.
- Fylgjast þarf stöðugt með þeim leiðum sem bestar eru hverju sinni til að gera upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar sýnilegri, bæði fyrir notendur og foreldra. Hafa þarf í huga íbúa af erlendum uppruna og að miðla upplýsingum um starfsemina á fleiri en einu tungumáli. Nota þarf mannauð félagsmiðstöðvar til frekari hugmyndavinnu, bæði með starfsfólki og ungmennum.
- Haldið áfram að styrkja starfsemi ungmennaráðs og unnið markvisst með ungmennalýðræði í félagsmiðstöðinni.
- Nemendaráð félagsmiðstöðvar er hryggsúla félagsmiðstöðvar og mikilvægt að þjálfa þá einstaklinga sem þar sitja í ungmennalýðræði með kynningum og handleiðslu. Mikilvægt er að þessir nemendur fái tækifæri á að kynna öðrum stöðum þar sem ungmennalýðræði er viðhaft. Landsmót Samfés er til að mynda mjög góður vettvangur til þess.

- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mun sitja námskeið og sækja þá endurmenntun sem hann og sviðsstjóri fræðslu- og menningarmála telja þörf á hverju sinni.
- 16+ starfið hefur lítið stækkað frá árinu 2012 þegar það hófst. Fastur, fámennur hópur mætir flesta fimmtudaga en þar með er það nánast upptalið. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi ásamt ungmennaráði Dalvíkurbyggðar hafa leitað leiða til að stækka hópinn. Lítið breyttist í starfinu s.l. starfsá. Halda þarf áfram að þróa þennan hluta starfseminnar.
- Lítið var unnið í verkefninu *Heilsueflandi samfélag*. Leggja þarf áherslu á það verkefni á komandi starfsári.
- Tónlistarskóli og SÍMEY fluttu í húsnæði Víkurrastar árið 2017. Engin reynsla er komin á hvaða áhrif þeir flutningar hafa á starfið. Verkefni komandi starfsárs er að þróa samstarf og samnýtingu á húsnæðinu.

### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

Ljúka þarf við að móta með hvaða hætti íþrótt- og æskulýðsfulltrúi kemur að starfinu eftir að staða forstöðumanns Víkurrastar var lögð niður árið 2016.

#### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Fjölmening; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

#### Húsnæðismál:

Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði Víkurrastar. Það er verkefni stjórnenda TÁT og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa að þróa skipulag með þeim hætti að nýting verði sem allra best á húsinu.

#### Starfsmannamál:

Lítill breyting er á hlutastarfsfólki félagsmiðstöðvar frá síðasta starfsári sem er mjög gott.

### 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Starfsmannafjöldi	2	3	4	4
Stöðugildi	1,4	1,5	1,5	1,5
Meðalstarfsaldur	4	4	0	1
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks	0	0	2	2
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal síðustu 18 mán.	50%	33%	100%	0%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	99%	97,40%	88,00%	87,9%

\*m.v.1. sept. 2017

## Íþróttamiðstöðin á Dalvík

### 1. Leiðarljós og hlutverk

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar á að vera leiðandi í að veita góða þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Íþróttamiðstöðin er staður þar sem hægt er að efla félagsauð í fjölbreyttri flóru fólks sem kemur saman til að stunda áhugamál sín. Mikilvægt er að gestir íþróttamiðstöðvar, á öllum aldri, finni jákvætt viðmót og að þeir séu velkomnir hvort sem það er til að taka sundsprett, lyfta lóðum, sparka bolta, vafra um á vefnum eða eiga spjall yfir kaffibolla.

### 3. Helstu verkefni og innra starf

- Reglulegir starfsmannfundir, ekki færri en sjö á ári, gegna mikilvægu hlutverki í að meta stöðuna hverju sinni og eru nauðsynlegur þáttur í starfsþróun.
- Starfsfólk fær árlega fræðslu sem ætlast er til samkvæmt lögum, s.s. skyndihjálp og sundpróf.
- Mikilvægt að grunnskólar og íþróttamiðstöð séu samstíga og starfsfólk íþróttamiðstöðvar fái sambærilega fræðslu og starfsfólk grunnskóla hvað varðar t.d. *Uppbyggingarstefnu og Olweusaráætlunina*.
- Mikilvægt er að íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hafi hluta af sinni viðveru í íþróttamiðstöðinni til að fá betri yfirsýn yfir starfsemina.
- Íþróttamiðstöðin heldur áfram að taka þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipleggja námskeið fyrir sem breiðastan aldurshóp og notar *logo* verkefnisins í sínum auglýsingum.
- Notendum íþróttamiðstöðvarinnar berast upplýsingar með ýmsum hætti, t.d. í gegnum samfélagsmiðla, heimasíður og með almennum auglýsingum. Einnig eru upplýsingaskjái í anddyri sem veita gestum upplýsingar á staðnum.
- Upplýsingar milli íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og starfsmanna fara alla jafna fram með beinum samtölum en þó einnig með tölvupósti. Mikið hefur færst í aukana að nota lokaða facebook síðu starfsmanna og íþróttakennara.
- Vaktaskipti eru notuð til almennrar upplýsingagjafar milli starfsmanna.
- Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli skóla og íþróttamiðstöðvar sé ávallt gott og í föstum skorðum. Haldnir eru fundir með starfsfólki íþróttamiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, íþróttakennurum og skólustjóra Dalvíkurskóla a.m.k. tvisvar á ári.

#### 4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) og áfram 2018:

- Endurbætur á sundlaugarsvæði og tæknirými fóru fram frá 27. mars til 1. ágúst og var allt sundlaugarsvæðið lokað á meðan. Á þessum tíma var starfsemi óbreytt að öðru leyti í húsinu, en að auki var Sundskáli Svarfdæla opnaður almenningi aftur á meðan á þessum framkvæmdum stóð.
- Halda þarf áfram að meta þörfina fyrir opna líkamsræktartíma með hliðsjón af nýtingu þeirra.
- Endurnýjun á líkamsræktartækjum samkvæmt endurnýjunaráætlun sem og búnað í íþróttasal var með minna móti þetta árið, þar sem fjárfesta þurfti í ýmsum hlutum tengdum sundlauginni, s.s. nýjum línunum.
- Endurbótum á búningsklefum er ekki lokið. Samhliða þeim breytingum mun notkun á rými þar sem ljósabekkur var staðsettur breytast. Infrarauð gufa mun verða sett upp í þann hluta og sérstök aðstaða fyrir hreyfihamlaða.
- Farin var skoðunar/fræðsluferð í jarðböðin í Mývatnssveit í vor með starfsfólk íþróttamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir sambærilegri ferð árið 2018 á annan stað.



#### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Klára þarf að móta með hvaða hætti íþrótt- og æskulýðsfulltrúi kemur að starfinu eftir að staða forstöðumanns Víkurrastar var lögð niður árið 2016. Skoða þarf sérstaklega hvort og þá með hvaða hætti það myndi hafa áhrif á starfsfólk íþróttamiðstöðvar.
- Mjög mikilvægt er að girða fyrir fallhættu fyrir ofan inngang íþróttamiðstöðvar sem og ofan við inngang á suðaustur horni íþróttamiðstöðvar.

#### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Fjölmening; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

#### Starfsmannamál:

Töluverð breyting hefur verið á starfmannahópi íþróttamiðstöðvar undanfarin ár. Einnig hefur verið töluvert um afleysingu vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017*
Starfsmannafjöldi	6	6	6	6
Stöðugildi	5,8	5,8	5,8	6
Meðalstarfsaldur	9	6	5	6
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks	7,5	62	5	38
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþr.samtal	100%	100%	100%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	97%	100,20%	97,00%	91,6%
Fjöldi gesta í íþróttamiðstöðinni	53.158	55.233		

\*miðað við 1. september 2017

## 7. 3ja ára áætlun

- Ný rennibraut er á áætlun árið 2018.
- Huga þarf að endurnýjun girðingar umhverfis sundlaugarsvæðið.
- Vinna áfram eftir endurnýjunaráætlun fyrir líkamsræktartæki og búnað í íþróttasal.





## Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar

### 1. Leiðarljós/Hlutverk

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Nemendur vinnuskólans starfa við almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðarlagsins. Vinnuskólinn mun verða í góðu samstarfi við fyrirtæki í byggðarlaginu og stofnanir sveitarfélagsins þegar kemur að verkefnavali. Auk þess fá unglingar í vinnuskólanum starfsþjálfun á ýmsum stofnunum og jafnvel fyrirtækjum sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn sinnir vinnuuppeldi. Til þess að geta sinnt því sem best þarf að gera miklar kröfur til hæfni leiðbeinenda/flokksstjóra og um þjálfun þeirra. Mikilvægt er að þeir þekki unglingana vel og hafi reynslu af vinnu með ungmennum. Mikilvægt er að tengsl við foreldra og forráðamenn unglinganna séu ætíð góð. Vinnuskólinn getur verið góð fyrirmynd og miðlað þekkingu fyrir aðrar stofnanir sveitarfélagsins.

### 2. Helstu verkefni og innra starf

- Fræðsla flokksstjóra er lykilþáttur í því að efla þá sem leiðbeinendur. Flokksstjórar miðla þeirri þekkingu áfram til nemenda. Allir flokksstjórar fara á námskeið sem haldið er í samstarfi við SÍMEY og er sérstaklega sniðið að þörfum flokksstjóra vinnuskóla. Farið er yfir skyndihjálpar, líkamsbeitingu, ýmislegt er varðar líðan barna og hvernig unnið skal með börnum og unglingum sem og fagleg vinnubrögð við umhirðu og slátt.
- Forstöðumaður vinnuskóla boðar alla nemendur í viðtal áður en þeir hefja störf og forráðamanni er gefinn kostur á að vera með. Á þessum fundi er ákveðið með hvaða hætti sé best að eiga samskipti við nemendur og foreldra.
- Flokksstjórar halda samráðsfundi í byrjun og lok hvers vinnudags.
- *Facebook* er mikið notað til samskipti og þar er einn hópur fyrir flokksstjóra og annar fyrir nemendur. Þurfi að koma upplýsingum á framfæri er alla jafna reynt að gera það á vinnutíma þannig að hægt sé að miðla upplýsingum beint til nemenda. Sé það utan vinnutíma er það yfirleitt gert í gegnum *Facebook*. Í einstaka tilfellum er hringt í nemendur.

### 3.-4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017) og áfram 2018

- Haldið var áfram að þróa starfsemi vinnuskólans þetta fjórða sumar sem vinnuskólinn starfar undir hatti fræðslu- og menningarsviðs.

- Allir flokksstjórar sóttu námskeiðið hjá SÍMEY sem er sérsniðið að þeim. Flokksstjórar munu sækja þessi námskeið á næsta ári.
- Samstarf er um starfsþjálfun hjá stofnunum og íþróttafélögum í Dalvíkurbyggð. Haldið verður áfram að þróa þetta. Nýtt á þessu ári var sjávarútvegsskólinn fyrir yngstu nemendur vinnuskólans í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Aðilar eru sammála um að vel hafi tekist til og stefnt er að áframhaldandi samstarfi að ári.
- Flokksstjórar vinnuskóla sáu um uppsetningu á leiktækjum og alla framkvæmd í Kirkjubrekkunni á 17. júní eins og árið áður og tókst mjög vel til. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og stefnt er að því að halda því áfram.
- Haldið var áfram að efla samstarf við félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar vegna fatlaðrar nemenda vinnuskólans. Áður en nemendur komu til starfa var samráðsfundur með öllum flokksstjórum og fulltrúum félagsþjónustu. Aðilar eru sammála um að vel hafi tekist til og stefnt er að áframhaldandi samstarfi að ári.

#### 5. Meginverkefni næsta árs (2018)

Áfram þarf að leggja áherslu á að tæki og tól sem flokksstjórar og nemendur vinnuskólans nota séu í góðu lagi. Séu tæki mikið biluð dregur verulega úr framlegð vinnuskólans. Vinna undanfarinna ára er farin að skila sér í bættri aðstöðu og meiri framlegð sem og minni viðhaldskostnaði.

#### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

Heilsuefandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum. Fjölmennning; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

#### Greinargerð um breytingar og nýmæli

Engar stærri breytingar í farvatningu næstu árin. Haldið verður áfram að þróa starfsemina í takt við það sem gert hefur verið undanfarin ár.

#### Húsnæðismál

Vinnuskólinn hefur aðsetur í Kyndli, húsnæði Veitna Dalvíkurbyggðar. Í ár þrengdi verulega að þar sem varaafsstöð, sem tekur stóran hluta af rýminu, var sett upp í húsinu. Huga þarf að því hvort þörf sé á stærri eða fleiri gámum á svæðið til að geyma búnað.

#### Starfsmannamál

Flokksstjórar vinnuskólans voru sex talsins og auk þeirra einn forstöðumaður. Nemendur voru með færri móti í ár og var því brugðið á það ráð að bjóða yngri nemendum lengri vinnutíma. Ef sömu aðstæður verða uppi á næsta ári og vinnuskólinn kemst ekki yfir að sinna öllum þeim verkefnum sem sinna þarf, t.d. á opnum svæðum sveitarfélagsins, verður að huga að því með hvaða hætti má bregðast við.

## 6. Lykiltölur

	2014	2015	2016	2017
Fjöldi nemenda 10. bekkjar	9 (25%)	11 (23%)	13 (41%)	2 (10%)
Fjöldi nemenda 9. bekkjar	27 (71%)	22 (47%)	14 (60%)	10 (35%)
Fjöldi nemenda 8. bekkjar	24 (82%)	14 (30%)	17 (56%)	11 (42%)
Meðalfjöldi veikinda daga starfsfólks	1	1	2,5	2
Laun á klst 10. bekkur	619	638	682,37	699,4
Laun á klst 9. bekkur	516	532	568,97	583,19
Laun á klst 8. bekkur	447	460	491,97	504,27
Samtals vinnustundir 10. bekkur	325	325	325	325
Samtals vinnustundir 9. bekkur	135	140	140	140
Samtals vinnustundir 8. bekkur	90	87,5	87,5	87,5

## 7. 3ja ára áætlun

## Tjaldsvæðið á Dalvík

### 1. Leiðarljós og hlutverk

Tjaldsvæðið á Dalvík skal vera til fyrirmyndar, bjóða upp á góða aðstöðu og þjónustu við ferðamenn og gesti sem sækja Dalvíkurbyggð heim.

### 2. Helstu verkefni og innra starf

Rekstur tjaldsvæðisins var boðinn út s.l. vor og er almennur rekstur í umsjón fyrir-tækisins Landamerki ehf til og með árinu 2026.

## Árskógur-félagsheimili

### 1.- 2 Leiðarljós og hlutverk

Árskógur þjónustar Árskógarskóla yfir vetrartímann með útleigu á eldhúsaðstöðu, matsal, íþróttasal og sundlaug. Útleiga á félagsheimili er hluti af rekstrinum allt árið en þar fara fram ýmsir fundir, markaðir, ættarmót, brúðkaup o.fl.

### 3.- 4. Yfirlit yfir 2017

- Skólastjóri Árskógarskóla var gerður að staðarhaldara fyrir félagsheimilið.
- Verkefni utan hefðbundinnar starfsemi var með minna móti.
- Verkefni innan hefðbundinnar starfsemi svo sem skólaíþróttir, sund og mötuneyti var með venjubundum hætti.

### 5. Helstu verkefni 2018

- Unnið verður að því að kynna félagsheimilið út á við sem ákjósanlegan stað fyrir fundi, ættarmót, afmæli, brúðkaup og aðra viðburði.

### 7. 3ja ára áætlun

- Viðhald þarf að fara fram á girðingu og svæðinu í kringum sundlaugina.
- Fjarlægja gamla skúrinn við félagsheimilið.

## Gildi fræðslu- og menningar sviðs

### Virðing

- Við beitum virkri hlustun og sýnum skoðunum annarra skilning.
- Við berum virðingu fyrir störfum okkar og annarra.
- Við tökum tillit til mismunandi menningar og þarfa einstaklinga.
- Við göngum vel um umhverfið.
- Við erum fagleg og höldum trúnað.
- Við virðum ábyrgðarsvið fólks og þær ákvarðanir sem teknar eru.
- Við erum víðsýn og vörumst fordóma.
- Við förum vel með fjármagn og eigur sveitarfélagsins.

### Jákvæðni

- Við höfum gleði að leiðarljósi.
- Við erum opin fyrir nýjum verkefnum og breytingum til bóta.
- Við hugsum lausnamiðað.
- Við stuðlum að starfsánægju okkar og annarra.
- Við erum hreinskiptin og beinum gagnrýni á rétta staði.
- Við hrósum fyrir það sem vel er gert.

### Metnaður

- Við höfum trú á þeim einstaklingum sem við vinnum með.
- Við setjum okkur skýr, tímasett markmið og stefnur.
- Við sýnum frumkvæði og þjónustulund.
- Við rýnum til gagns.
- Við höfum metnað fyrir sveitarfélagið.
- Við tökum afstöðu og forðumst meðvirkni.

Gildin voru unnin árið 2013.



**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

**Abyrgðarmenn: Hlynur Sigursveinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og stjórnendur hverju sinni**  
**Ritstjóri: Dóróþea Guðrún Reimarsdóttir**  
**Myndir: Ýmsir aðilar innan stofnananna**  
**Afgreitt í sveitarstjórn xxxxxx 2017**

---

---